




Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2020

Lagt fram í borgarráði
15. apríl 2021

1. Aðalsjóður	2
1.1 Íþróttá- og tómstundasvið	5
1.2 Menningar og ferðamálasvið	8
1.3 Skóla- og frístundasvið	11
1.4 Umhverfis- og skipulagssvið	21
1.5 Velferðarsvið	23
1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir	27
1.6 Skrifstofur miðlægrar stjórnáslu	29
1.7 Sameiginlegur kostnaður	31
1.8 Fjármála- og áhættustýringarsvið	33
1.9 Mannauðs- og starfsþróunarsvið	35
1.10 Þjónustu- og nýsköpunarsvið	36
1.11 Framlög til B-hluta fyrirtækja	38
2. Eignasjóður	39
2.1 Eignaskrifstofa (ESR)	43
2.2 Verkefnastofa þróunarmála (VST)	44
2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)	45
3. Greining vöru- og þjónustuinnkaupa A-hluta	46
4. Lykiltölur mannauðs	49
5. Innheimtuárangur	52

1. Aðalsjóður




Rekstur Aðalsjóðs (í m.kr.)	Raun 2020	Áætlun	Frávik	%	Raun 2019	Breyting	%
Staðgreiðsla	88.635	91.266	-2.631	-2,9%	85.334	3.301	3,9%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-10.622	-11.063	440	-4,0%	-10.344	-279	2,7%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	2.747	2.800	-53	-1,9%	3.113	-366	-11,8%
Nettó útsvar	80.760	83.003	-2.244	-2,7%	78.104	2.656	3,4%
Fasteignaskattar	24.092	24.600	-509	-2,1%	23.118	973	4,2%
Skatttekjur samtals	104.852	107.604	-2.752	-2,6%	101.222	3.630	3,6%
Endurgeiðslur annarra:							
Gr. frá ríkissjóði v. heimahjúkrunar	1.586	1.869	-284	-15,2%	1.553	32	2,1%
Gr. frá ríkissjóði v. þjónustu við hælisleitendur	676	664	12	1,8%	677	-1	-0,1%
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn.	677	658	19	2,9%	641	35	5,5%
Gr. sveitarf. v. rekstur skíðasvæða höfuðb.sv.	203	195	8	4,3%	173	30	17,7%
Aðrar greiðslur frá ríki og sveitarfélögum	1.530	1.053	477	45,3%	1.096	434	39,6%
Öryggisvistun	245	0	245	-	166	79	47,6%
Ýmsir styrkir	349	68	281	409,9%	421	-71	-17,0%
Endurgeiðslur annarra samtals:	5.266	4.507	759	16,8%	4.727	539	11,4%
Framlög Jöfnunarsjóðs	8.031	8.080	-48	-0,6%	7.494	537	7,2%
Þjónustutekjur	8.884	9.604	-720	-7,5%	10.099	-1.215	-12,0%
Eignatekjur	640	448	192	42,8%	688	-48	-7,0%
Aðrar tekjur	3.537	2.275	1.262	55,5%	2.280	1.257	55,1%
Rekstrartekjur samtals	131.210	132.517	-1.308	-1,0%	126.510	4.700	3,7%
Laun og launatengd gjöld	-74.178	-72.317	-1.861	2,6%	-66.229	-7.949	12,0%
Hækkun lífeyrisskuldbindingar LsRb	-3.317	-3.350	33	-1,0%	-3.199	-118	3,7%
Launakostnaður samtals	-77.494	-75.667	-1.827	2,4%	-69.428	-8.067	11,6%
Annar rekstrarkostnaður	-70.447	-68.755	-1.692	2,5%	-64.255	-6.192	9,6%
Rekstrargjöld samtals	-147.941	-144.422	-3.519	2,4%	-133.682	-14.259	10,7%
Fjármagnsliðir	6.898	5.539	1.359	24,5%	6.200	698	11,3%
EBITDA	-16.732	-11.905	-4.827	40,5%	-7.173	-9.559	133,3%
Rekstrarniðurstaða	-9.834	-6.366	-3.467	54,5%	-972	-8.862	911,4%

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 9.834 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 6.366 m.kr. og var niðurstaðan því um 3.467 m.kr. lakari en áætlað var.

Rekstrartekjur Staðgreiðsla var 2.631 m.kr. undir áætlun eða 2,9%. **Fasteignaskattar** voru 509 m.kr. eða 2,1% lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist af endurgreiðslum vegna úrskurða frá Þjóðskrá vegna Kringlunnar 260 m.kr. og 170 m.kr. vegna nýrra eigna í byggingu sem gert var ráð fyrir í áætlun í upphafi árs 2020 en skiluðu sér undir lok árs.

Endurgreiðslur annarra voru 759 m.kr. yfir áætlun eða 16,8% einkum vegna ýmissa styrkja sem voru 281 m.kr. yfir áætlun, og vegna endurgreiðslna frá ríki vegna öryggisvistunar sem var 245 m.kr. sem ekki hafði verið áætlað fyrir. **Framlög Jöfnunarsjóðs** voru 48 m.kr. undir áætlun. **Þjónustutekjur** voru 720 m.kr. undir áætlun eða 7,5% en helsta frávikíð var í lægri tekjum af aðgangseyri einkum sundlauga 300 m.kr. undir áætlun og lægri tekjur af seldum máltíðum sem var 274 m.kr. undir áætlun. **Aðrar tekjur** voru 1.262 m.kr. yfir áætlun eða 55,5% og er þar helsta frávik frá áætlun 776 m.kr. endurgreiðsla á grundvelli 15. gr. laga nr. 40/1991 um framfærslustyrki vegna erlendra ríkisborgara.



Rekstrargjöld voru 147.941 m.kr. eða 3.519 m.kr. yfir fjárheimildum. **Launakostnaður** var 77.494 m.kr. eða 1.827 m.kr. yfir fjárheimildum þar af er hækkun orlofsskuldbindingar um 578 m.kr. umfram áætlun. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRb** nam 3,3 ma.kr. og var 33 m.kr. undir áætlun. Í árshlutareikning Reykjavíkurborgar 30.9.2020 var gert ráð fyrir því að lífeyrisskuldbindingin yrði 1,3 ma.kr. í árslok 2020 eða 2,0 ma.kr. lægri en hún í raun varð og skýrist það að stórum hluta af þróun launavísitölu opinberra starfsmanna á síðasta ársfjórðungi 2020. Gert var ráð fyrir að vísitalan myndi hækka um 6,7% yfir árið en hækkunin reyndist 8,7%.


Annar rekstrarkostnaður var 70.447 m.kr. eða 1.692 m.kr. eða 2,5% yfir fjárheimildum¹. Rekstur og umhirða borgarlandsins var 953 m.kr. umfram fjárheimildir ársins einkum vegna leigu gatna 574 m.kr. umfram fjárheimildir, vegna lægri gatnagerðargjalda en áætlað var og verðbótapáttar leigunnar. Rekstur gatna og opinna svæða var 389 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist mest af vetrarþjónustu sem var 336 m.kr. umfram fjárheimildir. Viðhald og endurnýjun áhaldna og eigna var 450 m.kr. yfir fjárheimildum eða 137% og þar er 267 m.kr. vegna grunnskólahluta. **Nettó fjármunatekjur** voru 6.898 m.kr. eða 1.359 m.kr. yfir áætlun. Þar af voru vaxtatekjur og verðbætur 584 m.kr. yfir áætlun, arður af eignahlutum var 1.135 m.kr. yfir áætlun. Tekjur af ábyrgðargjaldi voru 50 m.kr. yfir áætlun.

¹ Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

Efnahagur


Efnahagur Aðalsjóðs (m.kr.)	31.12.2020	31.12.2019	Breyting	%
Langtímakröfur og eignahlutir í félögum	46.534	51.236	-4.701	-9,2%
Fyrirframgr. til Brúar Isj. (langtíma krafa)	9.233	9.618	-384	-4,0%
Veltufjármunir án handb.fjár	21.404	15.848	5.556	35,1%
Handbært fé	7.733	8.649	-916	-10,6%
Eignir samtals	84.904	85.350	-446	-0,5%
Eigið fé	13.861	23.695	-9.834	-41,5%
Lífeyrisskuldbinding LsRb	36.934	36.312	622	1,7%
Langtímalán	4.805	4.778	28	0,6%
Næsta árs afborganir langtímalána og lífeyrisskuldbindingar	2.133	2.577	-443	-17,2%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	27.170	17.989	9.182	51,0%
Skuldir samtals	71.043	61.655	9.388	15,2%
Skuldir og eigið fé samtals	84.904	85.350	-446	-0,5%

Sjóðstreymi



Handbært fé í upphafi árs nam 8,6 ma.kr. Veltufé frá rekstri var neikvætt um 8 ma.kr. og stofnframlög m.a. til húsnæðissjálfsseignarstofnana og hlutafjárframlög námu 1,4 ma.kr. Á móti var innstreymi vegna uppgreiðslu Orkuveitu Reykjavíkur á eigendaláni frá árinu 2011 um rúmlega 5 ma.kr. auk þess sem breyting á viðskiptastöðu milli Aðalsjóðs og Eignasjóðs var 7,4 ma.kr.

1.1 Íþróttta- og tómstundasvið



	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	1.505	1.686	-181	-10,8%
Laun og launat. gj.	2.770	2.873	-103	-3,6%
Annar rekstrark.	8.008	8.004	3	0,0%
Nettó útgjöld	9.273	9.192	81	0,9%
Uppsöfnun á biðlykli árið 2020	46	0	46	n/a
Nettó útgjöld m.v. fyrri uppgjörsaðferðir	9.227	9.192	35	0,4%


Vakin er athygli á breyttum uppgjörsaðferðum ÍTR við tekjuskráningu á sölu sundkorta. Í lok ágúst 2019 var tekið í notkun nýtt afgreiðslu- og aðgangsstýringarkerfi í sundlaugum. Með innleiðingu þessari var ákveðið að bæta tekjuskráningu sviðsins. Breytingin felur í sér að sala er tekjufærð þegar þjónustan er veitt, en ekki þegar sundkort er selt. Árskort eru ekki tekjufærð þann dag sem þau eru seld heldur kemur tekjufærslan inn jafnt á næstu 12 mánuði. Einnig eru skipta kort sem eru ekki tekjufærð við sölu í einni sundlaug heldur eru þau tekjufærð eftir notkun og í þeirri sundlaug sem þau eru nýtt í.

Í neðangreindri töflu er fylgt framsetningu í samþyktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2019.

Íþróttta- og tómstundasvið	Eining	Raun 2020	Upprunaleg áætlun 2020	Esk áætlun 2020	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2019	Mism. milli ára	%
Yfirstjórn ÍTR	ITR100	195	196	212	-17	-7,9%	179	16	8,8%
Sundlaugar	ITR200	2.097	1.769	1.962	135	6,9%	1.696	401	23,7%
Íþróttamál	ITR300	994	945	970	24	2,4%	660	334	50,6%
Skíðasvæðin	ITR400	114	111	175	-61	-34,8%	97	17	17,3%
Önnur starfsemi	ITR500	1.229	1.115	1.188	40	3,4%	1.067	161	15,1%
Styrkir	ITR600	4.644	4.527	4.684	-40	-0,9%	4.599	45	1,0%
Íþróttta- og tómstundasvið	ITR	9.273	8.662	9.192	81	0,9%	8.299	974	11,7%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri íþróttta- og tómstundasviðs fyrir árið 2020 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 9.273 m.kr. sem var 81 m.kr. eða 0,9% umfram fjárheimildir. Vakin er athygli á því að ekki kom aukafjárveiting upp á 51,3 m.kr. vegna uppgjörs við KSÍ sem samþykkt var í borgarráði 7. janúar 2021.



Vakin er athygli á breyttum uppgjörsaðferðum ÍTR við tekjuskráningu á sölu sundkorta. Í lok ágúst 2019 var tekið í notkun nýtt afgreiðslu- og aðgangsstýringarkerfi í sundlaugum. Með innleiðingu þessari var ákveðið að bæta tekjuskráningu sviðsins. Breytingin felur í sér að sala er tekjufærð þegar þjónustan er veitt, en ekki þegar sundkort er selt. Árskort eru ekki tekjufærð þann dag sem þau eru seld heldur kemur tekjufærslan inn jafnt á næstu 12 mánuði. Einnig eru skipta kort sem eru ekki tekjufærð við sölu í einni sundlaug heldur eru þau tekjufærð eftir notkun og í þeirri sundlaug sem þau eru nýtt í.

Þjónustupættir ÍTR

Málaflokkar ÍTR (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kosnaður	Áætlun 2020	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik	%
Styrkir	0	21	-21	0	0	0	1.884	1.976	-92	1.884	1.955	-71	-3,6%
Sundlaugar	729	963	-234	1.372	1.429	-58	1.455	1.495	-41	2.097	1.962	135	6,9%
Skíðasvæðin Höfuðb.	404	351	52	216	261	-44	187	155	32	0	65	-65	-100,0%
Framlög til skíðasv.	0	0	0	0	0	0	114	111	4	114	111	4	3,3%
Frístundakort	0	0	0	0	0	0	707	731	-24	707	731	-24	-3,3%
Húsdýragarður	177	211	-34	342	339	2	246	229	17	410	357	53	14,8%
Hitt húsið	56	32	25	400	413	-13	127	123	5	471	504	-33	-6,5%
Ylströndin	15	15	0	46	45	1	59	53	6	90	83	6	7,6%
Siglunes	9	5	4	29	23	6	12	11	1	32	29	3	11,8%
Gervigrasvellir	0	0	0	0	0	0	375	352	23	375	352	23	6,4%
Yfirstjórn ÍTR	0	0	0	160	168	-8	35	44	-9	195	212	-17	-7,9%
Atvinnumál	0	0	0	84	74	10	0	0	0	84	74	10	0,0%
Íþróttahús	104	66	38	35	31	4	2.631	2.576	55	2.561	2.541	21	0,8%
Keppnis og æfingavellir	0	0	0	0	0	0	70	56	13	70	56	13	23,1%
Langtímaveikindi	0	0	0	44	44	0	0	0	0	44	44	0	0,4%
Annað	10	23	-13	42	46	-4	106	93	14	139	116	23	19,5%
Samtals	1.505	1.686	-181	2.770	2.873	-103	8.008	8.004	3	9.273	9.192	81	0,9%

Covid-19: Hafði áhrif á tekjur sundlauganna, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, Ylstrandarinnar, íþróttahúsa og tjaldsvæðanna. Áhrif Covid-19 á rekstur sundlauganna voru mikil en alls var lokað í 119 daga og takmarkanir voru á fjölda gesta í 118 daga vegna faraldursins. Fyrstu takmarkanirnar voru frá 9. – 23. mars og dró þá úr aðsókn um meira en helming. Öllum sundlaugum var lokað 24. mars og opnuðu aftur 18. maí. Eftir 15. júní voru ekki lengur takmarkanir á fjölda gesta í sundlaugar. Takmarkanir í sundlaugar hófust síðan aftur þann 31. júlí með 50% aðsókn miðað við leyfilegan fjölda í hverja sundlaug. Þann 14. ágúst var hámark gesta hækkað upp í 75% af leyfilegum fjölda. Sundlaugum var svo lokað 7. október og opnuðu þær aftur þann 10. desember með takmörkunum út árið.

Styrkir: Voru alls 71 m.kr. innan fjárheimilda eða 3,6%. Skýrist það helst af húsaleigu- og æfingastyrkjum sem voru 67,8 m.kr. innan fjárheimilda.


Sundlaugar: Nettó útgjöld vegna sundlauga voru um 2.097 m.kr. sem var 135 m.kr. eða 6,9% umfram fjárheimildir. Breyttar uppgjörsaðferðir sundlauganna hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu þeirra um 46 m.kr. á árinu. Dalslaug er inni í áætlun upp á 30 m.kr. en engin kostnaður hefur komið til vegna hennar á árinu. Gert er ráð fyrir að hún opni í september 2021. Tekjur sundlauga voru 234 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Ef tekið er tillit til breyttrar uppgjörsaðferðar voru tekjur 188 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Aðsókn í sundlaugarnar árið 2020 voru 1.496 þúsund heimsóknir sem er fækkun upp á 755 þúsund gesti eða 33,5% frá árinu 2019. Laun og launatengd gjöld voru 1.372 m.kr. sem var 58 m.kr. innan fjárheimilda eða 4,2%. Annar rekstrarkostnaður var 1.455 m.kr. sem er 41 m.kr. innan fjárheimilda eða 2,7%.

Skíðasvæðin: Voru rekin í samræmi við samning á milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um rekstur skíðasvæðanna. Fluttur var afgangur upp á 15 m.kr. á milli ára samkv. samningum. Samkvæmt fjárheimildum ársins voru skíðasvæðin 65 m.kr. innan heimilda sem skýrist af launabætingu umfram áætlun. Tekjur skíðasvæðanna voru 52 m.kr. eða 15% yfir áætlun. Skýrist það helst af meiri aðsókn en áætlað var á meðan þau voru opin. Laun og launatengd gjöld voru 44 m.kr. innan fjárheimilda. Annar rekstrarkostnaður var 32 m.kr. innan fjárheimilda eða um 20,6%.

Frístundarkortið: Heildarkostnaður vegna frístundakortsins á árinu var 707 m.kr. sem er 24 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,3%.

Fjölskyldu og húsdýragarðurinn (FHG): Var 53 m.kr. umfram fjárheimildir. Tekjur FHG voru 34 m.kr. undir áætlun sem má rekja til lokana og takmarkana vegna aðgerða í tengslum við Covid-19. Laun og launatengd gjöld voru 2 m.kr. umfram fjárheimilir. Annar rekstrarkostnaður var 17 m.kr. umfram fjárheimildir. Skýrist það af kostnaði við innleiðingu á nýju afgreiðslu- og aðgangsstýringarkerfi og einskiptiskostnaðar vegna uppbyggingar í FHG.

Gervigrasvellir: Voru 23 m.kr. umfram fjárheimildir, skýrist það af hærri kostnaði vegna upphitunar á völlum sem nemur 10,5 m.kr., þá var sérfræðivinna vegna búnaðar varðandi hitastýringar á 10 gervigrasvöllum 9,8 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir, en þörf var á mikilli endurnýjun á búnaði á árinu. Innri leigan var 2,3 m.kr. umfram fjárheimildir.



Laugardalsvöllur: Var 51,3 m.kr. eða 17,6% umfram fjárheimildir. Skýrist það að fullu af viðbótar greiðslum vegna endurnýjunar á samningi sem gerður var við KSÍ um rekstur á Laugardalsvelli og samþykktur í borgarráði þann 7. janúar 2021. Greiðslan var upp á 42 m.kr. vegna uppgjors síðast liðinna ára og einnig var hækkun á framlagi ársins 2020. Þar sem þetta var samþykkt eftir áramótin 2020 kom ekki aukafjárveiting með þessum lið eins og eðlilegt væri.

Skíðabrekkur í hverfum: Voru 16,9 m.kr. sem er 3,6 m.kr. eða 28,2% umfram fjárheimilda, sem skýrist af fleiri opnunardögum og meiri starfsemi en áætlun gerði ráð fyrir.

Tjaldsvæðin: Tekjur ÍTR vegna samnings við rekstraraðila tjaldsvæðanna voru aðeins 20% af því sem áætlun gerði ráð fyrir vegna áhrifa Covid-19. Þar af leiðandi eru tjaldsvæðin 18,5 m.kr. yfir áætlun.


Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Íþróttá- og tómsundasviðs.

Lykiltölur úr rekstri - ÍTR	2016	2017	2018	2019	2020	Breyting 2019-20
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús.	1.866	2.057	2.276	2.292	1.497	-35%
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarð. í þús.	174	168	161	199	133	-33%
Vetraraðsókn að Ylströnd (þús)	16	20	29	30	19	-37%
Innri leiga ÍTR (m.kr.)	2.467	2.548	2.650	2.820	3.117	11%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstur íþróttá- og tómsundasviðs var 81 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,9%. Sviðið varð fyrir verulegum áhrifum af Covid-19 og má þar helst nefna sundlaugar sem voru í 237 daga með skerta opnun eða lokun sökum sóttvarnaráðstafana.
- Mestu frávik frá fjárhagsáætlun voru hjá sundlaugum, þar sem nettóútgjöld voru 135 m.kr. umfram fjárheimildir. Enginn kostnaður var vegna Dalslaugar sem opnar ekki fyrr en 2021 en áætlaður kostnaður var 30 m.kr. Sömuleiðis eru áhrif af breyttri uppgjorsaðferð vegna kortasölu.
- Önnur helstu frávik sviðsins skýrast m.a. af covid tengdu tekjutapi/sparnaði, fjárveitingu upp á rúma 51 m.kr. sem sviðið greiddi til KSÍ vegna uppgjors sem samþykkt var í borgarráði 7. janúar 2021 en fjárheimildir voru ekki hækkaðar á móti og framkvæmda- og innleiðingarkostnaði hjá FHG og á gervigrasvöllum.


1.2 Menningar og ferðamálasvið



Rekstur MOF - m.kr.	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	249	566	-317	-56,0%
Laun og launat. gj.	1.630	1.701	-70	-4,1%
Annar rekstrark.	4.321	4.544	-222	-4,9%
Nettó útgjöld	5.703	5.678	25	0,4%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2020 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 5.703 m.kr. sem var 25 m.kr. eða 0,4% umfram fjárheimildir tímabilsins.



upphæð voru 96 m.kr. vegna sérstakrar viðbótarheimildar. Sérstakt Covid-19 markaðsátak sem var 80 m.kr. viðbótarheimild á árinu var ekki fullnýtt og tæpar 29 m.kr. verða nýttar á næsta ári með markaðsframlagi ársins 2021. Tæplega 8 m.kr. krafa frá Eignasjóði vegna undirbúningskostnaðar á nýju ferjuhúsi við Skarfabakka, sem til kom á árunum 2013 til 2015 og hætt var við á árinu 2015, var gjaldfærð á Viðey í þessu uppgjöri, en engin fjárheimild var á sviðinu vegna þessa.

Raun niðurstaða í rekstri sviðsins að frátöldum ofangreindum atriðum er því um 41 m.kr. umfram fjárheimildir sem rekja má til tekjutaps vegna Covid-19, þ.e. frávik 25 m.kr. að frádrögnum EFA mismun 123 m.kr. og 29 m.kr. markaðsmismun og síðan 128 m.kr. viðbótar vegna Hörpu og 8 m.kr. vegna ferjuhúss.

Í neðangreindri töflu er framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins fylgt og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2019.

Menningar- og ferðamálasvið	Eining	Raun 2020	Upprunaleg áætlun 2020	Esk áætlun 2020	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2019	Mism. milli ára	%
Yfirstjórn	MOF010	132	123	133	-1	-0,5%	121	11	9,3%
Höfuðborgarstofa	MOF020	126	186	280	-154	-55,0%	77	49	63,2%
Borgarbókasafn Reykjavíkur	MOF030	1.096	1.053	1.141	-46	-4,0%	1.028	68	6,6%
Listasafn Reykjavíkur	MOF040	542	461	503	40	7,9%	466	77	16,5%
Borgarsögusafn Reykjavíkur	MOF045	728	620	655	73	11,1%	530	198	37,3%
Önnur menningarstarfsemi	MOF055	170	175	182	-13	-6,9%	61	109	178,9%
Styrkir og samstarfssamningar	MOF060	1.698	1.589	1.702	-4	-0,2%	1.541	157	10,2%
Framlög	MOF080	1.151	1.015	1.023	128	12,5%	995	156	15,6%
Annað	MOF090	59	58	58	1	2,2%	181	-121	-67,1%
Menningar- og ferðamálasvið	MOF	5.703	5.283	5.678	25	0,4%	5.000	703	14,1%

Þjónustupættir MOF

Málaflokkar MOF - m.kr.	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2020	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik tímabils	%
Yfirstjórn	0	0	0	127	124	3	6	9	-4	132	133	-1	-0,5%
Höfuðborgarstofa	12	17	-5	45	48	-3	85	118	-33	118	149	-31	-20,7%
Höfuðborgarstofa - EFA	16	131	-115	12	13	-1	13	250	-237	8	131	-123	-93,8%
Borgarbókasafn	38	48	-10	689	734	-44	444	456	-12	1.096	1.141	-46	-4,0%
Listasafn Reykjavíkur	81	135	-53	274	278	-4	350	360	-10	542	503	40	7,9%
Borgarsögusafn	84	203	-119	394	420	-26	418	438	-20	728	655	73	11,1%
Önnur menninga rsta rfssemi	17	32	-15	82	84	-3	105	130	-25	170	182	-13	-6,9%
Styrkir og samstarfsamningar	0	0	0	0	0	0	1.698	1.702	-4	1.698	1.702	-4	-0,2%
Framlög	0	0	0	0	0	0	1.151	1.023	128	1.151	1.023	128	12,5%
Annað	0	0	0	7	0	7	52	58	-6	59	58	1	2,2%
Samtals	249	566	-317	1.630	1.701	-70	4.321	4.544	-222	5.703	5.678	25	0,4%

Tekjur tímabilsins voru í heild 317 m.kr. undir áætlun, en ef 115 m.kr. tekjufrávik vegna EFA er tekið frá þá er sviðið undir um 202 m.kr., sem er í samræmi við útkomuspá sviðsins. Tekjuhrunið má að stærstum hluta rekja til áhrifa af Covid-19, hruns í aðsókn erlendra ferðamanna, minnkandi viðskipta og lokunar safna. Þar af var aðgangseyrir um 131 m.kr. undir áætlun og vörusala um 40 m.kr. Tekjufall **Borgarsögusafnsins** á þessu tímabili var 119 m.kr. en þar af var aðgangseyrir undir um 104 m.kr. og vörusala var undir um 26 m.kr. en styrkir voru yfir áætlun um 12 m.kr. Tekjufall **Listasafnsins** var mun minna eða um 53 m.kr. sem að miklum hluta skýrist af vinsældum sýningarinnar Chromo Sapiens í byrjun árs sem sló aðsóknarmet. Aðgangseyrir var undir um 27 m.kr. og vörusala um 10 m.kr. og húsaleiga var undir um 9 m.kr. Styrkir voru lægri en áætlað var. **Borgarbókasafn** var undir um 10 m.kr. sem rekja má að mestu til minni sekta og sölu lánskírteina. Tekjur **Höfuðborgarstofu** voru undir um 5 m.kr. sem er vegna hruns í sölu Gestakorta. **Önnur menningarstarfssemi** var undir áætluðum tekjum um 15 m.kr. sem að mestu má rekja til breytinga í viðburðahaldi á tímabilinu og frestunar á Kling og Bang Evrópustyrks.


Launakostnaður tímabilsins var 70 m.kr. innan fjárheimilda. **Borgarbókasafn** var innan fjárheimilda um 44 m.kr. sem skýrist m.a. af breyttri samsetningu starfa auk þess sem ráðningum var frestað vegna lokunar safnsins á tímabilinu og yfirvinna var minni. Þá hefur opnun nýs safns í Úlfarsárdal verið frestað og munar þar um 15 m.kr. **Listasafn Reykjavíkur** var innan fjárheimilda um 4 m.kr. sem er m.a. vegna minni yfirvinnu og mönnunar vegna lokana safnsins og ráðningum frestað í afleysingum. **Borgarsögusafn** var 26 m.kr. innan fjárheimilda sem rekja má m.a. til seinkunar á sýningaropnun í Aðalstræti, minni yfirvinnu vegna lokunar á tímabilinu auk þess sem gripið var til hagræðingaraðgerða svo sem seinkun á ráðningum í lausar stöður til að mæta miklu tekjufalli safnsins á árinu. Undir skrifstofu sviðsins var bætt við launakostnaði vegna starfsmanna Listahátíðar sem voru með umsjón með lðno og héldu utan um viðburði þar í samvinnu við sviðið. Þessi launakostnaður var fluttur á liðinn annað og er um 7 m.kr. Upphaflega stóð til að nýta vinnumarkaðsaðgerðir borgarinnar vegna Covid-19 fyrir þau útgjöld en þar sem dróst að útfæra vinnumarkaðsaðgerðirnar var kosnaðurinn settur á sviðið.

Annar rekstrarkostnaður var í heild innan fjárheimilda um 222 m.kr., en ef viðbót vegna Hörpu, aukakostnaður vegna ferjuhúss, mismunur vegna EFA og markaðsátaksins er ekki talið með, þá er rekstrarkostnaðurinn um 92 m.kr. innan fjárheimilda. **Höfuðborgarstofa** var innan fjárheimilda um 33 m.kr. og af því voru um 29 m.kr. vegna Covid-19 markaðsátaks og verður nýtt á næsta ári. Önnur markaðsgjöld s.s. vegna Gestakorta voru sett á ís vegna hruns í komu erlendra gesta. **EFA** verkefnið var keyrt undir Höfuðborgarstofu en sést í töflu hér að ofan sem sér lína. **Borgarbókasafn** var í heild á þessum lið innan fjárheimilda um 12 m.kr. Rúmar 14 m.kr. voru vegna fjárheimilda sem ætlaðar voru til undirbúnings opunar í Úlfarsárdal, en nokkrir aðrir liðir voru umfram heimildir, svo sem kaup á safnkosti og kostnaður vegna heimasíðu safnsins. Ýmis önnur ráðgerð verkefnin voru blásin af. **Listasafn** var innan fjárheimilda um 10 m.kr. sem rekja má til aðhalds í rekstri, minna fé varið í fræðslu, miðlun og kynningar vegna lokunar og ákveðnum verkefnum slegið á frest. **Borgarsögusafn** var innan fjárheimilda um 20 m.kr. en hefði verið um 28 m.kr. ef ekki hefði komið til 8 m.kr. gjaldfærsla frá eignasjóði á Viðey eins og fram kemur hér að ofan. Dreigið var verulega úr vöruinnkaupum til að mæta tekjuhalla safnbúða og einnig hafa mörg verkefni verið blásin af í ljósi aðstæðna og til að bregðast við miklu tekjufalli. Opnun sýningar í Aðalstræti 10 varð ekki að veruleika vegna tafa á ýmsum framkvæmdum og því varð ekki af áætluðum rekstrarkostnaði vegna þessa. **Önnur menningarstarfssemi** var undir um 25 m.kr. og munar þar mest um viðburðahald sem raskaðist verulega vegna Covid-19 sem og Evrópuverkefni sem var frestað fram á næsta ár. **Styrkir og framlög** voru umfram fjárheimildir um 124 m.kr. en 128 m.kr. er vegna viðbótarstyrks til Hörpu og styrkur til Borgarleikhúss var 2,6 m.kr. umfram fjárheimildir vegna meiri hækkunar launavísitölu en áætlað var. Styrkir og samstarfssamningar voru 6,4 m.kr. innan fjárheimilda sem m.a. rekja má til ýmissa breytinga. **Annað** var innan fjárheimilda um 6 m.kr. en ýmis sérverkefni s.s. rútuferðir skólabarna voru verulega undir vegna lokana og búnaðarkaup voru ekki nýtt að fullu.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Tekjur sviðsins voru 317 m.kr. undir áætlun sem skýrist af stærstum hluta af aðstæðum í kjölfar Covid-19. Gripið var til ýmissa aðgerða til að bregðast við svo sem frestun verkefna og ráðninga. Launakostnaður var þ.a.l. 70 m.kr. undir áætlun og annar rekstrarkostnaður 222 m.kr. undir áætlun.
- Þrátt fyrir umtalsvert tekjutap á sviðinu er rekstur þess að mestu í jafnvægi sem má teljast jákvætt í ljósi áfalla vegna Covid-19.


1.3 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	4.005	4.015	-10	-0,3%
Laun og launat. gj.	40.011	39.698	313	0,8%
Annar rekstark.	22.422	21.299	1.123	5,3%
Nettó útgjöld	58.428	56.981	1.447	2,5%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2020 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 58.428 m.kr. sem var 1.447 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,5%.



Við skoðun á uppgjöri ber að hafa í huga að á árinu voru verkföll hjá Eflingu auk þess sem röskun varð á opnun og þjónustu nær allra starfsstaða vegna Covid-19 á tímabilinu frá miðjum mars til loka apríl auk röskunar í september og október. Töluverð

áhrif voru á tekjur og kostnað vegna faraldursins. Tekjur voru lægri þar sem ekki var hægt að veita fulla þjónustu í leikskólum og frístundastarfi og hjá grunnskólum var ekki hægt að vera með skólamáltíðir. Tekjusamdráttur vegna vistunargjalda og fæðisgjalda var fyrst og fremst vegna lokunar og skertrar opunar á fyrri hluta árs um 550 m.kr. Ekki var lækkun á hráefniskostnaði mótuneyta til samræmis þar sem meira var um aðkeyptan mat, m.a. vegna skiptingar í smithólf. Útlagður kostnaður við smitvarnir í tengslum við Covid-19 vegna aukinna þrifa var um 285,4 m.kr. til að mæta þeim kostnaði komu viðbótarfjárheimildir að fjárhæð 72 m.kr. vegna vormánaða og að auki voru gerðar tilfærslur á fjárheimildum innan SFS sbr. samþykktir borgarráðs í desember. Tilfærslur voru með þeim hætti að fjárheimildir 464,8 m.kr. sem voru að mestu vegna færri barna í leikskólum en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir var endurdreift innan SFS. Til að koma til móts við Covid-19 kostnað hjá leikskólum 125 m.kr., hjá grunnskólum 49 m.kr. og í frístundastarfi 40 m.kr., samtals 214 m.kr. Til að koma til móts við annan aukinn kostnað sviðsins einkum vegna langtímaveikinda, sérkennslu og stuðnings voru tilfærslur til grunnskóla 151 m.kr., til leikskóla 114,8 m.kr., vegna verkefnisins Betri borg fyrir börn 75 m.kr. en á móti var svigrúm til lækkunar á frístundhluta um 90 m.kr. Tilfærslur námu því samtals 250,8 m.kr. Að auki hafa starfsstaðir lagt til aukna vinnu vegna þrifa sem felur í sér skv. mati a.m.k. um 12 m.kr. aukinn launakostnað á mánuði hjá þeim starfsstöðvum sem ekki eru með aðkeypt þrif, samtals um 92 m.kr. Smitvarnir hafa verið nauðsynlegur þáttur til að skólalald væri með sem eðlilegasta hætti. Nokkuð hefur verið um röskun á skólustarfi vegna Covid-19 á haustmánuðum.

Langtímaforföll voru með 110 m.kr. halla á árinu, en halli hefur verið á síðustu árum á langtímaforföllum bæði vegna hækkunar veikindahlutfalls og hækkunar launa. Á árinu 2020 var halli á sértækum stuðningi hjá SFS um 93 m.kr.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2019.

Skóla- og frístundasvið	Raun 2020	Upprunaleg áætlun 2020	Esk. áætlun 2020	Munur á raun og esk áætlun	%	Raun 2019	Mism. milli ára	%
Grunnskólar	32.958	29.731	31.892	1.066	3,6%	30.126	2.832	9,4%
Leikskólar og dagforeldrar	17.557	15.877	17.067	490	3,1%	15.810	1.748	11,1%
Frístundastarfi	4.359	3.917	4.367	-8	-0,2%	3.776	583	15,4%
Skrifstofur SFS	1.660	1.573	1.778	-119	-7,5%	1.420	240	16,9%
Listaskólar og námsflokkar	1.894	1.780	1.876	18	1,0%	1.839	55	3,0%
Skóla- og frístundasvið	58.428	52.878	56.981	1.447	2,7%	52.970	5.458	10,3%

Annar rekstrarkostnaður sviðsins greinist þannig:

Annar rekstrarkostnaður - SFS í heild	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	10.382	10.401	-19	-0,2%
Einkareknir skólar, uppgjör milli sveitarfélaga	6.157	6.032	125	2,1%
Ýmis kostnaður:				0,0%
Hráefni í mótuneyti og aðkeyptur matur	1.515	1.480	35	2,3%
Kennsluefni	280	240	40	16,7%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	525	468	57	12,1%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	940	678	262	38,6%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	780	330	450	136,6%
Húsaleiga	255	176	79	44,8%
Aðkeypt vinna	329	160	169	106,0%
Rafmagn, hiti og vatn	398	366	33	8,9%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	860	967	-107	-11,1%
Samtals ýmis kostnaður	5.883	4.865	1.017	20,9%
Samtals annar rekstrarkostnaður	22.422	21.299	1.123	5,3%

Frávik í öðrum rekstrarkostnaði hjá SFS er um 5,3% umfram fjárheimildir eða 1.123 m.kr. Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna var þar umfangsmest um 450 m.kr. Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla var um 262 m.kr. umfram fjárheimildir, ræsting var þar mest vegna krafna um að starfsstaðir væru með góðar smitvarnir frá því að Covid-19 fór af stað og til ársloka. Kostnaður við smitvarnir fór í aðkeypt þrif, hreinsiefni og annað til að draga úr líkum á að smit berist. Aðkeypt vinna fór um 169 m.kr. fram úr fjárheimildum þar fellur undir sérfræðipjónusta, túlkar, læknar og önnur aðkeypt vinna. Framúrkeyrsla í einkareknum skólum og uppgjör milli sveitarfélaga upp á 125 m.kr., skýrist af að kostnaður við að reykvísk börn sem voru í skóla í öðrum sveitarfélögum var hærri en það sem innheimt var vegna barna sem komu til Reykjavíkur frá öðrum sveitarfélögum, en tilfærslur milli sveitarfélaga geta verið mjög sveiflukenndar. Skólaakstur var um 57 m.kr. umfram fjárheimildir og vegur þar þyngst akstur á fötluðum börnum.


SFS - sviðshlutar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			%	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)		
Grunnskólar	1.878	1.857	21	22.093	21.821	273	12.743	11.929	814	32.958	31.892	1.066	3,3%	Halli
Leikskólar	1.286	1.493	-207	12.107	12.230	-123	6.736	6.330	406	17.557	17.067	490	2,9%	Halli
Frístundastarf	732	583	149	4.178	4.081	97	913	869	44	4.359	4.367	-8	-0,2%	Afgangur
Skrifstofur SFS	36	17	19	1.254	1.182	73	441	614	-173	1.660	1.778	-119	-6,7%	Afgangur
Listaskólar og námsflokkar	73	65	8	378	384	-6	1.589	1.558	32	1.894	1.876	18	0,9%	Halli
Samtals	4.005	4.015	-10,5	40.011	39.698	313,4	22.422	21.299	1.123	58.428	56.981	1.447	2,5%	Halli

Grunnskólahluti

Nettó útgjöld grunnskólahluta SFS voru 32.958 m.kr. sem var 1.066 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,3%.


Grunnsk.hluti (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	1.878	1.857	21	1,1%
Laun og launat. gj.	22.093	21.821	273	1,2%
Annar rekstark.	12.743	11.929	814	6,8%
Nettó útgjöld	32.958	31.892	1.066	3,3%

Tekjur grunnskólahluta voru 1.878 m.kr. sem var 21 m.kr. undir áætlun eða 1,1%. Tekjur af skólamáltíðum voru um 225 m.kr. undir áætlun en á móti kemur að aðrar tekjur voru um 245 m.kr. yfir áætlun, að mestu styrkir, greiðslur vegna hælisleitenda og önnur framlög.



Launakostnaður grunnskólahluta var 22.093 m.kr. sem var 273 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,2%. Hér vegur þyngst halli á langtímaveikindum 120 m.kr. og halli á sértækum stuðningi 84 m.kr. Í launakostnaði var áætlað fyrir kostnaðarliðum sem skólastjórnendur hafa val um að ýmist ráða starfsfólk eða kaupa frá þriðja aðila, t.d. í ræstingar og geta því verið tilfærslur á milli rekstrarliða. Aukinn launakostnaður hefur verið vegna þrifa og smitvarna þar sem skólar hafa að mestu eigin starfsmenn í þrifum á grunnskólum.

Annar rekstrarkostnaður var 12.743 m.kr. sem var um 814 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,8 %. Þar af eru um 76 m.kr. vegna aðkeyptra smitvarna og þrifa. Viðhald og endurnýjun var 267 m.kr. umfram fjárheimildir. Aðkeypt ræsting var 207 m.kr. umfram fjárheimildir sem kemur til vegna aukinna smitvarna. Aðkeypt vinna, sérfræðiþjónusta, sálfræðiþjónusta og túlkajónusta var 64 m.kr. umfram fjárheimildir. Mötuneyti voru ekki í fullum rekstri vegna Covid-19. Til að geta haldið uppi mötuneyti í grunnskólunum þurfti að kaupa meira af tilbúnum mat jafnframt því að vera með eldhús í rekstri, var því ekki sparnaður í rekstri mötuneyta.



Annar rekstrarkostnaður grunnskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	8.177	8.215	-38	-0,5%
Einkareknir skólar, uppgjör milli sveitarfélaga	1.434	1.322	112	8,5%
Ýmis kostnaður:				
Hráefni í mötuneyti og aðkeyptur matur	687	694	-6	-0,9%
Kennsluefni	160	139	21	14,7%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	498	450	48	10,7%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	329	122	207	169,0%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	453	186	267	143,3%
Húsaleiga	217	154	64	41,5%
Aðkeypt vinna	161	49	112	231,0%
Rafmagn, hiti og vatn	301	276	25	9,2%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	324	322	2	0,7%
Samtals ýmis kostnaður	3.131	2.392	739	30,9%
Samtals annar rekstrarkostnaður	12.743	11.929	814	6,8%

Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla, að meðtöldum sér- og sameinuðum skólum, var 30.992 m.kr. Fjárheimildir námu 29.918 m.kr. fyrir grunnskóla og tengda liði og var kostnaður því 1.073 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,6%. Miðlægir liðir og úthlutunarpottar grunnskóla voru samanlagt með 17 m.kr. afgang á tímabilinu. Útgjöld vegna einkarekinna skóla voru 10 m.kr. umfram fjárheimildir sem kemur til vegna fleiri barna en áætlað var og hækkunar á gjöldum skv. útreikningum Hagstofu.

Grunnskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Grunnskólar samreknir	222	218	4	3.114	3.054	60	1.512	1.428	84	4.404	4.264	140	3,3%
Grunnskólar	933	969	-37	17.076	17.118	-43	8.152	7.421	731	24.295	23.571	725	3,1%
Sérskólar	8	11	-3	1.661	1.519	142	640	576	63	2.292	2.084	208	10,0%
Samtals borgarreknir:	1.163	1.199	-36	21.851	21.691	160	10.304	9.426	878	30.992	29.918	1.073	3,6%
Miðlægt og endurúthlutun	714	658	56	242	129	114	1.281	1.356	-74	809	826	-17	-2,1%
Einkaskólar					1	-1	1.157	1.147	10	1.157	1.148	10	0,8%
Samtals borgar. og einkar	1.878	1.857	21	22.093	21.821	273	12.743	11.929	814	32.958	31.892	1.066	3,3%

Aukin þjónustuþyngd sérskóla veldur verulegum halla og var t.d. Klettaskóli 184 m.kr. umfram fjárheimildir og Brúarskóli 25 m.kr. umfram fjárheimildir.

Borgarreknir grunnskólar: Halli af rekstri borgarrekinna grunnskóla ásamt sérskólum var 1.073 m.kr. Af grunnskólum voru 3 með afgang en aðrir voru með hallarekstur. Á árinu 2020 var lögð mikil áhersla á að skólastarf væri með sem eðlilegustum hætti þar sem að tengsl skóla og barna væru mikilvæg á tímum heimsfaraldurs.

Í ágúst var skipulagi Háaleitisskóla skipt upp í Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla, með því var farið í fyrra horf með skipulag skólastarfsins þannig að nú er skólastjóri starfandi við hvorn skóla. Álftamýrarskóli er með 1.-10. bekk og Hvassaleitisskóli með 1.-7. bekk.

Í norðanverðum Grafarvogi voru gerðar þær breytingar að Kelduskóli (Korpuskóli og Víkurskóli) og Vættaskóli (Vættaskóli – Engi, og Vættaskóli Borgir), sem voru skólar í fjórum byggingum var breytt yfir í að vera reknir sem þrjú skólar, þ.e. Borgaskóli og Engjaskóli verða fyrir 1.-7. bekk en Víkurskóli fyrir 8.-10. bekk. Skólabyggingu Korpuskóla var skilað til Eignasjóðs, í Korpuskóla var nemendafjöldi kominn niður í um 59 nemendur og orðinn mjög óhagstæð rekstrareining. Við þessar skipulagsbreytingar fylgdu breytingar á starfsmannahaldi en miðað var við að ekki væru uppsagnir hjá starfsmönnum og hafa því heldur fleiri starfsmenn verið við skólana en líkan gerir ráð fyrir. Auk þess þurfti að kosta til breytingar á húsnæði og búnaði samhliða þessum flutningum.

Áætlunum eldri skóla hefur verið skipt upp á milli nýrra skóla fyrir árið 2020, ekki er samanburður við 2019 í þeim tilvikum.

Borgarreknir grunnskólar (m.kr.)														Árið 2019 til samanburðar	
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals rekstur	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %	Samtals frávik	Frávik %
Klettaskóli	7	8	1	1.205	1.053	152	526	495	31	1.724	1.540	184	11,9%	92	0
Víkurskóli	5	8	3	142	145	-4	85	63	22	221	200	21	10,6%		
Fossvogsskóli	24	30	6	437	423	14	239	206	33	652	598	53	8,9%	27	-4,3%
Dalskóli	68	67	-1	824	747	77	453	440	13	1.209	1.120	89	7,9%	26	-3,3%
Vættaskóli	19	20	1	391	363	28	224	210	14	596	554	43	7,7%	40	-4,3%
Húsaskóli	22	15	-7	259	244	15	196	176	20	433	404	29	7,1%	16	-4,0%
Borgaskóli	9	12	3	185	196	-11	93	68	25	268	252	17	6,6%		
Klébergsskóli	27	26	-1	356	361	-5	199	160	39	528	496	32	6,5%	31	-6,7%
Melaskóli	40	45	5	733	703	30	247	226	21	940	884	56	6,3%	100	-12,2%
Seljaskóli	43	49	6	822	813	9	274	238	37	1.053	1.001	52	5,2%	17	-1,8%
Ingunnarskóli	36	36	0	542	516	26	257	246	12	763	726	37	5,1%	30	-4,3%
Hvassaleitisskóli	6	5	-1	153	154	-2	84	71	13	231	219	11	5,1%		
Hlíðaskóli	36	37	1	813	798	16	319	285	34	1.097	1.046	51	4,8%	38	-3,9%
Háaleitisskóli	44	25	-19	475	458	17	244	212	32	675	645	30	4,7%	57	-5,5%
Brúarskóli	1	3	3	456	465	-10	113	81	32	568	544	25	4,5%	-16	3,0%
Vesturbæjarskóli	23	26	4	452	440	12	286	271	14	715	684	31	4,5%	20	-3,6%
Laugalækjarskóli	20	23	3	430	430	0	224	201	24	634	607	27	4,5%	40	-7,3%
Engjaskóli	9	10	1	165	176	-11	92	72	20	249	238	10	4,4%		
Breiðholtsskóli	30	24	-6	575	560	15	278	256	23	823	792	31	3,9%	49	-6,6%
Seláskóli	17	17	0	332	322	10	189	180	9	504	485	19	3,9%	38	-8,6%
Hamraskóli	19	13	-6	323	328	-5	191	164	27	495	478	17	3,5%	-6	1,2%
Austurbæjarskóli	27	29	2	598	598	0	281	258	23	852	826	25	3,1%	3	-0,3%
Hagaskóli	25	45	20	667	688	-22	290	261	29	932	904	28	3,1%	58	-7,0%
Grandaskóli	22	28	7	456	460	-3	201	186	15	635	618	18	2,9%	6	-1,0%
Rimaskóli	31	31	0	657	653	4	301	280	21	927	902	26	2,8%	45	-5,5%
Hólabrekkuskóli	38	32	-5	619	636	-17	303	260	43	885	864	21	2,4%	-17	2,0%
Breiðagerðisskóli	28	31	3	495	496	0	238	227	11	706	692	14	2,0%	-15	2,2%
Laugarnesskóli	41	48	7	669	682	-13	297	276	21	925	910	15	1,6%	15	-1,8%
Sæmundarskóli	33	40	7	615	631	-15	364	341	23	947	932	15	1,6%	-14	1,6%
Fellaskóli	27	22	-4	645	641	4	282	268	14	900	887	14	1,5%	6	-0,7%
Langholtsskóli	46	53	7	884	898	-14	365	347	19	1.203	1.191	12	1,0%	-3	0,3%
Foldaskóli	26	33	7	714	722	-8	297	286	11	985	975	9	1,0%	16	-1,7%
Norðlingaskóli	65	64	-1	842	824	18	441	448	-7	1.218	1.208	9	0,8%	61	-5,3%
Vogaskóli	24	23	-1	526	550	-23	306	276	30	808	803	6	0,7%	-23	3,0%
Árbæjarskóli	44	48	4	820	860	-41	377	333	44	1.153	1.146	7	0,6%	4	-0,4%
Réttarholtsskóli	27	31	4	447	464	-18	213	197	16	632	631	2	0,3%	-1	0,2%
Álftamýrarskóli	42	15	-27	251	240	11	102	85	17	311	311	1	0,2%		
Kelduskóli	12	17	5	261	263	-2	159	162	-3	408	408	0	0,0%	27	-3,9%
Háteigsskóli	30	33	3	543	558	-15	198	187	11	711	713	-2	-0,2%	7	-1,0%
Óduselsskóli	34	37	3	625	652	-27	337	317	20	928	932	-4	-0,5%	-15	1,6%
Ártúnsskóli	35	39	4	447	481	-34	137	111	27	549	553	-3	-0,6%	65	-14,1%
Samtals	1.163	1.199	36	21.851	21.691	160	10.304	9.426	878	30.992	29.918	1.073	3,6%	822	3,0%

Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2020 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

Leikskólahluti



Nettó útgjöld leikskólahluta SFS voru 17.557 m.kr. sem var 490 m.kr. yfir fjárheimildum eða 2,9%.

Leikskólahluti (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	1.286	1.493	-207	-13,9%
Laun og launat. gj.	12.107	12.230	-123	-1,0%
Annar rekstark.	6.736	6.330	406	6,4%
Nettó útgjöld	17.557	17.067	490	2,9%

Tekjur leikskólahluta voru 1.286 m.kr. sem var 207 m.kr. undir áætlun eða 13,9%, þar af eru um 188 m.kr. vegna lægri vistunartekna af völdum Covid-19, tekjur frá öðrum sveitarfélögum eru um 39 m.kr. lægri en styrkir og framlög um 19 m.kr. umfram áætlun.

Launakostnaður leikskólahluta var 12.107 m.kr. sem var 123 m.kr. innan fjárheimilda eða 1,0%. Í febrúar 2020 var verkfall hjá Eflingu sem lækkaði launakostnað í þeim mánuði, en aukinn kostnaður var vegna röskunar á starfi vegna Covid-19, þar sem breyta þurfti mönnun á deildum vegna hólfaskiptingar þegar starf fór aftur af stað. Miklar breytingar voru á launum hjá starfsmönnum leikskóla önnur en bein prósentuhækkun s.s. fjölgun undirbúningstíma.

Annar rekstrarkostnaður leikskólahluta var 6.736 m.kr. sem var 406 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,4%. Ræsting, sorphirða og öryggisgæsla fór 67 m.kr. fram úr fjárheimildum sem kemur m.a. til vegna smitvarna. Mötuneytiskostnaður var 52 m.kr. umfram fjárheimildir, sem kemur til vegna aukinna innkaupa á tilbúnum mat vegna röskunar vegna Covid-19. Viðhald og endurnýjun var 178 m.kr. umfram fjárheimildir. Einkaskólar og uppgjör milli sveitarfélaga var 31 m.kr. umfram fjárheimildir, gjöld og tekjur vegna uppgjors milli sveitarfélaga eru oft mjög sveiflukennnd.



Annar rekstrarkostnaður leikskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	1.621	1.609	11	0,7%
Einkareknir skólar, uppgjör milli sveitarfélaga	3.383	3.352	31	0,9%
Ýmis kostnaður:				
Hráefni í mötuneyti og aðkeyptur matur	718	667	52	7,8%
Kennsluefni	66	23	44	190,5%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	3	5	-2	-41,0%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	514	447	67	14,9%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	203	25	178	706,4%
Húsaleiga				
Aðkeypt vinna	44	3	41	1432,1%
Rafmagn, hiti og vatn	81	74	7	10,0%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	102	125	-23	-18,4%
Samtals ýmis kostnaður	1.732	1.368	364	26,6%
Samtals annar rekstrarkostnaður	6.736	6.330	406	6,4%

Borgarreknir leikskólar og tengdir liðir:

Hjá borgarreknnum leikskólum var hallinn 486 m.kr. eða 3,5%. Útgjöld námu 14.247 m.kr. en fjárheimildir voru 13.761 m.kr. Aðeins 8 leikskólar eru ekki reknir með halla árinu 2020 sem er mikil breyting frá fyrra ári.

Leikskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Leikskólar	1.197	1.363	-167	12.143	12.216	-73	3.139	2.826	313	14.086	13.679	407	3,0%	Halli
Miðlægt og endurútlutun	89	130	-41	-36	20	-56	287	191	95	161	82	80	97,6%	Halli
Samtals borgarreknir	1.286	1.493	-207	12.107	12.236	-129	3.426	3.018	408	14.247	13.761	486	3,5%	Halli
Einkaskólar							2.935	2.931	4	2.935	2.931	4	0,1%	Halli
Dagforeldrar					-6	6	375	381	-6	375	375		0,0%	Afgangur
Samtals einkaskólar og dagf.					-6	6	3.310	3.312	-2	3.310	3.306	4	0,1%	Halli
Samtals	1.286	1.493	-207	12.107	12.230	-123	6.736	6.330	406	17.557	17.067	490	2,9%	Halli

Borgarreknir leikskólar (m.kr.)															Árið 2019 til samanburðar	
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %	Samtals frávik	Frávik %	
Lynghéimar	18	22	-4	206	196	10	42	34	8	231	209	22	10,5%	6	3,3%	
Sæborg	16	19	-3	160	148	11	42	40	2	186	170	16	9,6%	8	5,3%	
Funaborg	16	10	6	104	90	14	22	21	1	110	102	8	8,3%	6	11,0%	
Klambrar	13	16	-3	155	144	11	44	43	0	186	172	14	8,1%	4	2,5%	
Árborg	13	16	-3	128	123	5	40	36	4	155	143	11	8,0%	3	2,0%	
Klettaborg	17	20	-3	164	156	8	42	39	3	189	175	14	7,9%	-5	-2,6%	
Bakkaborg	21	26	-5	271	258	13	58	55	3	308	287	21	7,2%	1	0,5%	
Laugasól	33	40	-7	344	330	14	81	78	4	392	368	25	6,7%	-3	-0,9%	
Jöklaborg	21	26	-5	217	210	7	48	45	3	244	229	15	6,5%	3	1,5%	
Kvísta borg	18	22	-4	169	168	2	43	37	6	195	183	12	6,3%	2	1,5%	
Borg	27	28	-2	263	261	2	74	59	15	310	292	18	6,1%	18	6,5%	
Furuskögur	26	31	-5	254	256	-2	65	52	13	294	277	17	6,0%	-9	-3,1%	
Grandaborg	17	20	-3	178	172	5	54	52	2	215	204	11	5,5%	-9	-4,5%	
Hlíð	23	28	-5	263	256	6	71	67	4	312	296	16	5,3%	13	5,3%	
Engjaborg	15	18	-3	158	161	-2	49	41	8	192	183	9	5,0%	2	1,0%	
Dröfnarsteinn	25	31	-6	275	267	8	51	51	0	301	287	14	4,9%	-24	-9,1%	
Hof	30	36	-6	279	274	4	55	51	4	303	289	14	4,9%	-11	-4,4%	
Sunnúás	22	27	-5	247	239	8	92	91	1	317	303	14	4,8%	15	5,2%	
Máriuborg	21	25	-4	210	206	3	44	42	2	233	223	10	4,5%	-1	-0,5%	
Rofaborg	20	25	-4	231	226	4	59	56	3	270	258	12	4,5%	-7	-2,6%	
Miðborg	25	30	-5	304	298	6	68	65	4	347	333	15	4,5%	-11	-3,4%	
Nóaborg	17	21	-4	165	161	4	46	45	1	194	186	8	4,3%	-4	-2,0%	
Tjörn	17	20	-3	204	202	2	45	40	4	233	223	9	4,2%	0	0,1%	
Græna borg	16	19	-4	144	142	2	45	44	2	173	167	7	4,0%	-8	-5,1%	
Hólaborg	10	12	-2	126	132	-6	31	22	10	147	142	6	3,9%	7	5,6%	
Hálsaskógur	27	33	-6	290	290	-1	62	56	5	324	313	11	3,4%	-15	-4,8%	
Ægisborg	18	22	-4	182	188	-5	38	30	8	202	196	6	3,0%	-8	-4,1%	
Garðaborg	12	14	-2	93	94	0	27	26	1	109	106	3	3,0%	0	-0,5%	
Seljaborg	12	14	-2	120	127	-7	34	26	8	143	139	4	2,9%	-12	-8,8%	
Fífuborg	16	19	-3	159	168	-10	52	41	11	195	190	5	2,8%	3	1,7%	
Sólborg	16	20	-4	294	318	-24	75	46	29	354	344	9	2,8%	8	2,5%	
Laufskálar	19	23	-4	194	197	-3	40	35	5	215	209	6	2,7%	-14	-6,9%	
Langholt	55	43	12	350	337	13	92	83	9	387	377	10	2,6%	-16	-4,2%	
Hagaborg	25	25	0	193	195	-2	57	49	8	224	219	6	2,5%	-10	-4,7%	
Vesturborg	14	17	-3	146	150	-4	44	39	5	177	173	4	2,4%	-5	-3,3%	
Stakkaborg	15	18	-3	169	170	-1	39	37	3	194	190	4	2,2%	0	0,3%	
Suðurborg	21	26	-5	267	268	-1	71	68	3	317	310	7	2,2%	-29	-9,2%	
Hraunborg	13	15	-2	148	148	0	39	38	1	174	170	4	2,1%	-2	-1,1%	
Reynisholt	28	22	6	184	185	-2	50	38	11	206	202	4	1,9%	-1	-0,4%	
Rauðhóll	42	49	-7	449	462	-13	128	112	16	536	526	10	1,9%	0	0,0%	
Vínagerði	15	17	-3	141	149	-8	60	52	8	186	183	3	1,7%	0	0,0%	
Heiðarborg	15	18	-3	187	201	-14	50	35	15	222	218	3	1,6%	0	-0,2%	
Geislabaugur	26	29	-4	239	247	-8	62	54	8	275	271	4	1,5%	-1	-0,2%	
Seljakot	16	19	-3	163	169	-6	44	39	6	191	188	3	1,5%	-2	-1,2%	
Ösp	13	13	-1	140	145	-6	34	27	7	161	158	2	1,5%	-5	-3,3%	
Gullborg	16	19	-3	169	175	-7	41	35	6	194	191	3	1,5%	-13	-6,8%	
Austurborg	20	25	-5	226	229	-2	54	53	1	260	257	4	1,5%	3	1,1%	
Jörfi	20	24	-4	186	189	-3	55	53	1	220	217	3	1,2%	-11	-5,3%	

Borgarreknir leikskólar framhald:

Borgarreknir leikskólar (m.kr.)														Árið 2019 til samanburðar	
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %	Samtals frávik	Frávik %
Blásalir	15	18	-3	155	159	-3	34	32	2	174	172	2	1,1%	1	0,4%
Steinahlíð	19	14	6	111	106	5	49	48	1	140	140	0	0,3%	-2	-1,6%
Brákarborg	10	12	-2	128	130	-2	27	26	0	145	145	0	0,2%	-3	-2,2%
Hulduheimar	18	22	-4	177	182	-5	46	44	2	204	204	0	0,0%	-3	-1,4%
Sunnufold	21	26	-4	227	237	-10	56	51	5	262	263	-1	-0,2%	13	5,0%
Rauðaborg	13	15	-2	135	146	-11	32	24	8	154	155	-1	-0,7%	-2	-1,6%
Álftaborg	21	22	-1	176	182	-6	61	58	2	215	218	-2	-1,1%	4	1,8%
Nes (Hamrar)	26	31	-5	256	265	-9	63	65	-2	293	300	-7	-2,2%	-26	-8,0%
Múlaborg	19	21	-2	249	265	-15	54	48	5	284	292	-8	-2,8%	-10	-4,0%
Bjartahlíð	25	31	-5	283	301	-18	66	65	2	324	335	-11	-3,3%	-7	-2,4%
Holt	25	21	4	195	203	-7	58	54	4	228	236	-8	-3,5%	5	2,1%
Brekkuborg	15	18	-3	144	160	-16	33	31	2	161	173	-11	-6,5%	-10	-5,9%
Samtals	1.197	1.363	-167	12.143	12.216	-73	3.140	2.826	313	14.086	13.679	407	3,0%	-173	-1,3%

Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2020 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

Frístundahluti


Nettó útgjöld frístundahluta SFS voru 4.359 m.kr. sem var 8 m.kr. undir fjárheimildum eða 0,2%

Frístundastarf(mk.r.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	732	583	149	25,6%
Laun og launat. gj.	4.178	4.081	97	2,4%
Annar rekstark.	913	869	44	5,1%
Nettó útgjöld	4.359	4.367	-8	-0,2%

Tekjur voru 732 m.kr. sem var um 149 m.kr. yfir áætlun eða 25,6%. Skýringa á auknum tekjum eru auknar sértekjur og tekjur frá örðum sveitarfélögum.

Laun og launatengd gjöld voru 4.178 m.kr. sem var 97 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,4%, sem að hluta til má rekja til aukinnar fagmenntunar starfsmanna í frístundastarfi.

Annar rekstrarkostnaður var 913 m.kr. sem var um 44 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,1%. Á árinu hefur verið kostnaður sem hefur fallið á frístundastarf til að geta haldið uppi sem eðlilegustu starfi á árinu. Einnig var kostnaður sem þurfti að kosta til vegna starfsmanna sem komu til starfa vegna Covid-19 viðspyrnu. Laun voru greidd miðlægt að mestu en annar kostnaður vegna rekstrar var greiddur af sviðinu, þ.e. viðspyrnustörf er ekki bara launakostnaður þar sem hverjum viðbótarstarfsmanni fylgir annar rekstrarkostnaður.




Annar rekstrarkostnaður frístundastarfs	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	338	332	5	1,5%
Einkareknir skólar, uppgjör milli sveitarfélaga	35	38	-2	-6,4%
Ýmis kostnaður:				
Hráefni í mótuneyti og aðkeyptur matur	102	113	-12	-10,2%
Kennsluefni	35	66	-30	-46,0%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	23	12	10	81,7%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	94	107	-13	-11,9%
Viðhald og endurnýjun áhaldna og eigna	103	88	15	17,0%
Húsaleiga	32	23	10	43,8%
Aðkeypt vinna	18	8	10	131,6%
Rafmagn, hiti og vatn	16	16		-0,1%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	116	66	51	76,8%
Samtals ýmis kostnaður	540	498	41	8,3%
Samtals annar rekstrarkostnaður	913	869	44	5,1%

Frístundastarf	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			Frávík %	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)		
Sértækar félagsmiðstöðvar	12	14	-2	228	277	-49	64	26	38	280	288	-8	-2,9%	Afgangur
Frístundamiðstöðvar	719	592	127	3.938	3.910	28	781	107	4.000	3.992	8	0,2%	Halli	
Miðlægt og endurúthlutun	1	-23	24	12	-106	118	68	169	-101	79	87	-7	-8,6%	Afgangur
Samtals	732	583	149	4.178	4.081	97	913	869	44	4.359	4.367	-8	-0,2%	Afgangur

Frístundastarf (m.kr.)														Árið 2019 til samanburðar	
	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávík %	Samtals frávik	Frávík %
Sértækar félagsmiðst.	12	14	-2	228	277	-49	64	26	38	280	288	-8	2,9%	-43	-15,4%
Ársel	64	64		488	482	6	110	106	4	534	524	10	-1,90%	-9	-2,1%
Miðberg	71	71		541	572	-31	145	119	26	615	620	-6	0,9%	-5	-1,0%
Tjörn	134	127	7	765	792	-27	170	137	33	800	802	-1	0,2%	22	3,2%
Gufunesbær	91	85	5	586	591	-5	84	70	14	580	576	4	-0,7%	-11	-2,1%
Kringlumýri	360	245	114	1.559	1.473	86	272	242	30	1.471	1.470	1	-0,1%	-31	-2,5%
Samtals	731	607	125	4.166	4.187	-21	845	700	145	4.280	4.280	-1		-77	
Miðlægt verkefni	1	-23	24	12	-106	118	68	169	-101	79	87	-7	8,6%	-48	-30,1%
Samtals frístundastarf	732	583	149	4.178	4.081	97	913	869	44	4.359	4.367	-8	0,2%	-125	3,2%

Skrifstofur SFS og miðlægir liðir

Skrifstofur SFS (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávík	%
Tekjur	36	17	19	109,8%
Laun og launat. gj.	1.254	1.182	73	6,1%
Annar rekstark.	441	614	-173	-28,1%
Nettó útgjöld	1.660	1.778	-119	-6,7%



Skrifstofur SFS og miðlægir liðir: Útgjöld voru 1.660 m.kr. sem var um 119 m.kr. undir fjárheimildum eða 6,7 % og skiptist þannig:

Skrifstofur SFS: Útgjöld voru 1.308 m.kr. sem var 1 m.kr. innan fjárheimilda eða 0,1%. Tekjur sem koma fram eru vegna námsleyfa og námskeiðahalds. Á miðlægum liðum eru launaliðir umfram fjárheimildir en annar kostnaður innan fjárheimilda, niðurstaða ársins var 0,7% frávik. Aukið frávik var á gjaldfærðum launum á miðlægum liðum vegna námsleyfa 38 m.kr. og atvinnutengd nám 17 m.kr. Lægri kostnaður er vegna funda og þess sem er óráðstafað. Hjá skrifstofum SFS er einnig frávik í launum sem fjármagnað er með auknum tekjum, frávik ársins er 0,1% af rekstri á skrifstofum.

Miðlægir liðir/styrkir SFS: Útgjöld voru 316 m.kr. sem var 117 m.kr. undir fjárheimildum eða 27 % . Ástæða fyrir afgangi er sú að á miðlægum liðum SFS eru fjárheimildir vegna greiðslu menntastefnustyrkja, sökum mikill áhrifa Covid19 á árinu 2020 fóru þessi verkefni ekki af stað nema að hluta.

Skóla- og frístundaráð: Útgjöld voru 1 m.kr. innan fjárheimilda eða 1,9%.

Skrifstofur SFS	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			Frávík %	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)		
Skrifstofur SFS	29	17	12	1.132	1.119	13	205	207	-2	1.308	1.309	-1	-0,1%	Afgangur
Miðlægir liðir og styrkir	7		7	91	36	55	232	397	-165	316	433	-117	-27,0%	Afgangur
Skóla og frístundaráð				31	27	4	5	10	-5	36	37	-1	-1,9%	Afgangur
Samtals	36	17	19	1.254	1.182	73	441	614	-173	1.660	1.778	-119	-6,7%	Afgangur

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar


SFS Listaskólar (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	73	65	8	12,8%
Laun og launat. gj.	378	384	-6	-1,5%
Annar rekstark.	1.589	1.558	32	2,0%
Nettó útgjöld	1.894	1.876	18	0,9%

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar: Útgjöld voru samtals 1.894 m.kr. eða um 18 m.kr. umfram fjárheimildir 0,9% á tímabilinu, sem skiptist þannig:

Tónlistarskólar: Útgjöld voru um 1.310 m.kr. eða 3 m.kr. umfram fjárheimildir. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfærleik sem **Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af námu 1.042 m.kr.** og framlög til tónlistarskóla frá **Jöfnunarsjóði námu 268 m.kr.**

Skólahljómsveitir ásamt tónlistarskóla Kjalarness: Útgjöld voru 331 m.kr. sem var 9 m.kr. umfram fjárheimildir.

Fullorðinsfræðsla, myndlistarskólinn og framhaldsskólar: Útgjöld voru 223 m.kr., sem var 1 m.kr. umfram fjárheimildir. Námsflokkar Reykjavíkur voru 4 m.kr. innan fjárheimilda, framlög til framhaldsskóla voru 0,2 m.kr. umfram fjárheimildir og framlög til Myndlistarskólans í Reykjavík voru 4,3 m.kr. umfram fjárheimildir, sem kemur til vegna tilfærslu milli mánaða/ára.



Listaskólar ofl.	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Skólahljóms- og Tónl. Kj.	20	20		327	327		24	16	8	331	322	9	2,7%	Halli
Tónlistarskólar					-13	13	1.310	1.320	-10	1.310	1.307	3	0,2%	Halli
Námsfl., Myndl. og framhaldss.	53	45	8	51	57	-6	225	210	14	223	222	1	0,2%	Halli
Endurúthlutun ofl.					13	-13	30	11	19	30	25	5	21,7%	Halli
Samtals	73	65	8	378	384	-6	1.589	1.558	32	1.894	1.876	18	0,9%	Halli

Langtímaforföll

Útgjöld vegna langtímaveikinda námu alls um 955 m.kr. í grunnskólum, leikskólum og frístund. Fjárheimildir vegna langtímaveikinda eru vistaðar í miðlægum potti í upphafi árs og fá starfstöðvar úthlutað úr honum til að mæta kostnaði við veikindi starfsmanna sem fara umfram einn mánuð. Gjaldfærð langtímaforföll í grunnskólum og leikskólum voru samtals 110 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu.

Langtímaforföll (m.kr.)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávik
Grunnskóli	570	450	120
Leikskóli	352	351	1
Frístundastarf	34	45	-11
Samtals	955	845	110

Stuðningur og sérkennsla

Útgjöld vegna sértæks stuðnings námu alls 4.531 m.kr. sem var 93 m.kr. umfram fjárheimildir.

Borgarstofnanir fá úthlutað til sértæks stuðnings að hluta til beint samkvæmt úthlutunarlíkani og að hluta til mánaðarlega í samræmi við þjónustuþyngd sem áætlað er fyrir í miðlægum pottum. Fjárheimild sem er úthlutað samkvæmt úthlutunarlíkani er nefnd *almennur stuðningur* en fjárheimild sem kemur úr miðlægum pottum er nefnd *sértækur stuðningur*. Einkareknar stofnanir fá greitt skv. þjónustuþyngd.

Úthlutun úr miðlægum pottum miðast við það fjármagn sem til staðar er í pottinum og reynist þjónustuþyngd meiri en fjárheimildir, getur það myndað halla á starfsstöðum.

Stuðningur og sérkennsla (m.kr.)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávik
Grunnskóli	2.901	2.817	84
Leikskóli	1.036	1.027	9
Frístundamiðstöðvar	594	594	0
Samtals	4.531	4.438	93


Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Samtals var sviðið 1.447 m.kr. yfir fjárheimildum eða 2,5%. Tekjur sviðsins voru 550 m.kr. undir sem rekja til áhrifa af Covid-19. Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna var sá liður sem fór mest fram úr fjárheimildum eða 450 m.kr. Laun og launatengd gjöld voru 313 m.kr. umfram fjárheimildir og var grunnskólahlutinn þar umfangsmestur með 273 m.kr. umfram áætlun. Aðkeypt ræsting, aðkeypt vinna og uppgjör sveitarfélaga vegna einkarekinna skóla voru sömuleiðis liðir sem voru töluvert yfir fjárheimildum.
- Á árinu voru 37 borgarreknir grunnskólar með samtals 1.073 m.kr. í halla og 3 með 9 m.kr. afgang.
- Leikskólahluti var 490 m.kr. yfir fjárheimildum eða 2,9%. 49 borgarreknir leikskólar með samtals 466 m.kr. halla og 8 með samtals 49 m.kr. afgang.
- Rekstur sérskóla er 208 m.kr. eða 10% yfir fjárheimildum vegna aukinnar þjónustuþyngdar nemenda

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Í borgarreknum grunn- og leikskólum er raunkostnaður í nær öllum tilvikum umfram fjárheimildir. Um 65% skólanna er með meira en 2% frávik og fara upp í 12% frávik. Mikilvægt er að miðlæg skrifstofa sviðsins takist á við frávik í rekstri stofnana með stjórnendum þeirra með hliðsjón af þeim fjárheimildum sem úthlutað hefur verið. Mikil útgjaldaaukning umfram heimildir er í desember. Nauðsynlegt er að skrifstofa SFS stýri útgjöldum stofnana með mun markvissari hætti og aðstoði þær við að halda sér innan fjárheimilda. Vísað er í skyldur sviðstjóra sbr. ákvæði 3.4 í reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.
- Miðað við fyrirbyggjandi gögn sviðsins er ekki unnt að rekja hvaða þjónusta er veitt varðandi sérkennslu og stuðning og hvað hún kostar hjá einstökum stofnunum sviðsins heldur einungis hvernig fjárheimildum er dreift út frá reglum sviðsins um sérkennslu og stuðning. Mikilvægt er að bæta skráningu á veittri sérkennslu og stuðningi hjá stofnunum sviðsins og þörfum stofnana fyrir fjármagn samkvæmt greiningu til að unnt sé að meta hvort fjárþörf sé fyrir hendi. Þess skal getið að á árinu 2020 hefur sviðið með þátttöku FÁST og utanaðkomandi ráðgjafa, unnið að mótun reiknilíkans fyrir úthlutun fjárheimilda til grunnskóla og vonir standa til að sú vinna klárast 2021. Verkefnið felur í sér að tekið verði til rýningar aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun á fjárheimildum fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar, þar með talið úthlutun á fjármagni til stuðnings og sérkennslu.
- Kostnaður vegna langtímaveikinda hefur um langt skeið verið talsvert umfram fjárheimildir. Æskilegt er að greina og samræma skráningu milli stofnana sem og kostnaðargreina þ.m.t. afleiddan og óbeinan kostnað. Á grundvelli þessara gagna er hægt að móta aðgerða- og viðbragðsáætlun.


1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USKRK (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	3.644	3.785	-140	-3,7%
Laun og launat. gj.	3.058	3.132	-74	-2,4%
Annar rekstrark.	10.229	9.305	924	9,9%
Nettó útgjöld	9.643	8.653	990	11,4%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2020 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 9.643 m.kr. eða 990 m.kr. umfram fjárheimildir ársins eða um 11,4%.



*USK tók við rekstri bílastæðisjós á árinu 2017

Í neðangreindri töflu er fylgt framsetningu í samþykktari fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2019.

Umvhverfis- og skipulagssvið	Eining	Raun 2020	Upprunaleg áætlun 2020	Esk áætlun 2020	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2019	Mism. milli ára	%
Skrifstofa sviðsstjóra og miðlægar einingar	UK1	877	850	892	-15	-1,7%	773	104	13,4%
Skipulagsfulltrúi	UK2	240	261	279	-39	-13,9%	248	-8	-3,4%
Samgöngustjóri og borgarhönnun	UK3	-93	-171	-126	32	-25,8%	-481	388	-80,6%
Byggingarfulltrúi	UK4	206	100	126	80	63,7%	84	122	145,9%
Umvhverfisgæði	UK5	980	663	983	-4	-0,4%	664	316	47,5%
Heilbrigðiseftirlit	UK6	155	131	165	-10	-6,0%	121	34	28,5%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	UK7	1.142	1.151	1.151	-9	-0,7%	1.020	122	11,9%
Rekstur og umhirða borgarlands	UK9	6.136	4.916	5.183	953	18,4%	5.080	1.057	20,8%
Umvhverfis- og skipulagssvið	USKRK	9.643	7.900	8.653	990	11,4%	7.508	2.134	28,4%

Þjónustupættir USK

Málaflókkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2020	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik	%
Skrifstofa sviðstj. og miðlægar einingar	266	265	1	582	544	38	560	613	-52	877	892	-15	-1,7%
Skipulagsfulltrúi	128	67	61	211	206	5	158	140	17	240	279	-38	-13,9%
Samgöngustjóri og borgarhönnun	1.030	1.162	-132	414	452	-38	523	585	-62	-93	-126	32	-25,8%
Byggingarfulltrúi	89	190	-101	283	258	25	12	57	-46	206	126	80	63,7%
Umvhverfisgæði	1.851	1.835	16	1.263	1.333	-70	1.568	1.485	83	980	983	-4	-0,4%
Heilbrigðiseftirlit	165	181	-15	276	302	-27	45	43	1	155	165	-10	-6,0%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	30	25	5	0	0	0	1.172	1.176	-4	1.142	1.151	-9	-0,7%
Rekstur og umhirða borgarlands	85	60	25	30	37	-7	6.191	5.206	985	6.136	5.183	953	18,4%
Samtals	3.644	3.785	-140	3.058	3.132	-74	10.229	9.305	924	9.643	8.653	990	11,4%

Skipulagsfulltrúi var 38 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Tekjur voru 61 m.kr. hærri en áætlun sem var einkum vegna skipulagsgjalds frá Ríkinu sem var 58 m.kr. yfir áætlun ársins. Laun og launatengd gjöld voru 5 m.kr. umfram fjárheimildir og annar rekstrarkostnaður 17 m.kr. umfram fjárheimildir ársins.

Samgöngustjóri og borgarhönnun var 32 m.kr. umfram fjárheimildir ársins, sem var einkum vegna bílastæðasjóðs sem var 35 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Tekjur bílastæðasjóðs voru 155 m.kr. undir áætlun, laun og launatengd gjöld 70 m.kr. innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður 51 m.kr. innan fjárheimilda ársins.

Byggingarfulltrúi var 80 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Tekjur voru 101 m.kr. undir áætlun, sem er einkum vegna lægri byggingarleyfis- og úttektargjalda. Laun og launatengd gjöld voru 25 m.kr. umfram fjárheimildir en á móti var annar rekstrarkostnaður 46 m.kr. innan fjárheimilda ársins.

Rekstur og umhirða borgarlandsins var 953 m.kr. umfram fjárheimildir ársins einkum vegna leigu gatna 574 m.kr. umfram fjárheimildir, vegna lægri gatnagerðargjalda en áætlað var og verðbótapáttar leigunnar. Rekstur gatna og opinna svæða var 389 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist mest af vetrarþjónustu sem var 336 m.kr. umfram fjárheimildir og leyfisveitingar og önnur verkefni voru 17 m.kr. umfram, en viðburðir voru hinsvegar 39 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Þá var Covid-19 kostnaður hverfastöðva 81 m.kr. sem er færður á kostnaðarstaðinn U9040 Rekstur gatna og opinna svæða.


Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs:

Lykiltölur úr rekstri - USK	2017	2018	2019	2020	Breyting 2019-20
Umhverfisgæði					
Nemendur í Vinnuskólanum	1.041	1.947	2.295	3.316	44,5%
Pappír- og pappi í bláar tonn [tonn]	3.165	3.107	2.914	2.596	-10,9%
Plast í grænar tonn [tonn]	261	335	394	455	15,5%
Blandaður úrgangur [tonn]	17.929	17.696	17.434	17.899	2,7%
Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa]	145	140	134	136	1,5%
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur					
Útgefin starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits	613	534	610	470	-23,0%
Fjöldi eftirlitsferða	3.819	3.600	3.500	3.012	-13,9%
Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	17	18	12	-	
Skipulagsfulltrúi					
Deiliskip. auglýst í B-deild stj.tíðinda	140	141	128	134	4,7%
Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums.	68/34	96/53	95/41	79/35	
Fjöldi mála á embættisafgr.fundum skipulagsfulltrúa	2.198	1.942	1.748	1.583	-9,4%
Byggingarfulltrúi					
Samþykktir m3	1.133.118	1.567.947	866.323	808.232	-6,7%
Byggðir m3 (lokið við)	438.326	537.704	667.702	918.973	37,6%
Fullgerðar íbúðir	482	461	1.003	1.572	56,7%
Hafin smíði nýrra íbúða	923	1.417	846	1.174	38,8%
Rekstur og umhirða					
Sláttur - flatarmál (m2)	4.709.060	4.696.838	4.724.056	4.705.674	-0,4%
Útgefin afnotaleyfi	1.085	950	1.191	1.318	10,7%
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2)	6.622.457	6.631.140	6.621.095	6.655.215	0,5%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Nettó útgjöld sviðsins voru 990 m.kr. umfram fjárheimildir eða 11,4%. Annar rekstrarkostnaður var 924 m.kr. umfram fjárheimildir, laun og launatengd gjöld voru 74 m.kr. innan fjárheimilda og tekjur voru 140 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.
- Rekstur og umhirða borgarlands var 953 m.kr. umfram fjárheimildir ársins, einkum vegna leigu gatna 574 m.kr. og vegna vetrarþjónustu 336 m.kr.

1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	6.413	5.207	1.206	23,2%
Laun og launat. gj	21.604	19.788	1.816	9,2%
Annar rekstrark.	12.343	12.941	-598	-4,6%
Nettó útgjöld	27.534	27.522	12	0,04%

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var

27.534 m.kr. sem var 12 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,04%. Tekjur í heild voru 1.206 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir vegna hærrí daggjalda hjúkrunarheimilanna, samninga vegna hælisleitenda, öryggisvistunar og vegna hærrí tekna fyrir dagþjónustu fyrir fatlað fólk frá öðrum sveitarfélögum. Laun og launatengd gjöld hækkuðu í takt við auknar tekjur að hluta til og aðgerða sem grípa þurfti til vegna Covid-19 og voru 1.816 m.kr. umfram fjárheimildir. Á móti er annar rekstrarkostnaður um 598 m.kr. innan fjárheimilda.


Velferðarsvið þurfti að grípa til ýmissa ráðstafana vegna Covid-19 í rekstri sviðsins eins og á heimilum fyrir fatlað fólk, hjúkrunarheimilum, úrræðum barnaverndar, þjónustuíbúðum og fleiri starfsstöðum. Til að tryggja öryggi og heilsu notenda þurfti að skipta upp starfsmannahópum í mismunandi „hólf“ eða vaktahópa sem hittust ekki innan sem og utan starfsstaðar. Það var gert til að koma í veg fyrir að starfsmannahópurinn færi ekki allur í sóttkví ef upp kæmi smit hjá einum starfsmanni, sem og að draga úr líkum á smiti milli íbúa í úrræðum og starfsmanna. 590 starfsmenn fóru í sóttkví, 63 starfsmenn fóru í einangrun, 245 notendur fóru í sóttkví og 18 notendur fóru í einangrun.

Áætlað heildartekjutap vegna Covid-19 á velferðarsviði var 130 m.kr., 44 m.kr. hjá félagsmiðstöðvum, 34 m.kr. í framleiðslueldhúsinu, 23 í dagdeildum, 21 m.kr. í heimaþjónustu og 7 m.kr. í þjónustuíbúðum. Aukinn launakostnaður velferðarsviðs vegna Covid-19 var 310 m.kr. en keyptar voru 86 þúsund auka vinnustundir vegna faraldursins. Þar af voru 182 m.kr. og 43 þúsund vinnustundir vegna málefna fatlaðs fólks. Aukinn rekstrarkostnaður vegna Covid-19 var 115 m.kr. og þar af 30 m.kr. vegna málefna fatlaðs fólks. Velferðarsvið fékk 258 m.kr. fjárheimild fyrir auknum launakostnaði og 62 m.kr. í aukna fjárheimild vegna annars rekstrarkostnaðar tengt Covid-19. Að mati sviðsins námu viðbótar útgjöld umfram það 55 m.kr. vegna Covid-19 fyrir tímabilið nóvember til desember. Velferðarsvið fékk fjárveitingu frá ríkinu að fjárhæð 351 m.kr. til að styrkja meðal annars frístundir fyrir börn, félagsstarf eldri borgara og félagsstarf fyrir fatlað fólk. Um 140 m.kr. voru nýttar á árinu 2020 og hafa eftirstöðvar, aðallega vegna frístundastyrkja vegna barna verið fluttar til notkunar á árinu 2021.

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri velferðarsviðs fyrir árið 2020 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins í heild með bundnum liðum

voru 31.249 m.kr. sem var 18 m.kr. innan fjárheimilda. Fjárhagsaðstoð var 1 m.kr. innan fjárheimilda eða á pari við fjárheimildir og sérstakur húsnæðisstuðningur var 30 m.kr. eða 0,8% innan fjárheimilda.



Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2019.

Þjónustubættir VEL (mkr)		Raun 2020	Upprunaleg áætlun 2020	Esk áætlun 2020	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2019	Vism. milli ára	%
Skrifstofur	VP011	4.815	4.314	4.847	-32	-0,7%	4.162	653	15,7%
Nefndir og ráð	VP012	32	31	31	0	1,3%	32	0	-1,2%
Samningar, framlög og styrkir	VP032	3.731	3.502	3.813	-83	-2,2%	3.885	-154	-4,0%
Búsetuúrræði	VP033	9.000	8.120	8.938	62	0,7%	7.014	1.987	28,3%
Félagsmiðstöðvar	VP040	804	747	798	6	0,8%	772	32	4,2%
Dagþjónusta	VP046	588	494	588	0	0,1%	468	120	25,6%
Heimaþjónusta - Heimahjúkrun	VP050	2.291	2.083	2.530	-239	-9,4%	2.045	246	12,0%
Hjúkrunarheimili	VP055	448	247	403	45	11,1%	306	141	46,1%
Þjónustuíbúðir	VP060	647	550	631	16	2,5%	572	75	13,1%
Stuðningsfj. stuðningsþj. og frekari liðveisla	VP087	1.929	1.778	1.787	143	8,0%	1.934	-5	-0,3%
NPA	VP088	607	553	618	-12	-1,9%	473	134	28,3%
Ýmis úrræði	VP098	1.251	988	1.071	180	16,8%	1.006	245	24,4%
Próunarverkefni	VP110	364	462	403	-39	-9,8%	320	44	13,8%
Önnur gjöld	VP140	557	738	615	-58	-9,5%	513	44	8,6%
Keðjan	VP090	471	344	448	23	5,1%	290	181	62,5%
Óflokkað	VP999	0	0	0	0	0,0%	7	-7	-100,0%
Velferðarsvið án bundinna liða	VEL	27.534	24.950	27.522	12	0,0%	23.799	3.735	15,7%

Þjónustubættir Velferðarsviðs

Þjónustubættir VEL (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld		Frávik	Annar kostnaður		Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik	%
				Áætlun 2020	Frávik		Áætlun 2020	Frávik					
Skrifstofur, nefndir og ráð	217	88	129	4.092	3.815	276	971	1.151	-179	4.846	4.878	-32	-1%
Samningar, framlög og styrkir	474	139	336	0	-16	16	4.205	3.968	237	3.731	3.813	-83	-2%
Búsetuúrræði	491	53	438	8.472	7.458	1.014	1.019	1.533	-514	9.000	8.938	62	1%
Félagsmiðstöðvar	103	148	-44	438	470	-32	470	476	-7	804	798	6	1%
Dagþjónusta	164	190	-26	580	547	32	172	230	-58	588	588	0	0%
Heimaþjónusta	157	172	-15	2.065	2.147	-82	386	450	-64	2.293	2.425	-132	-5%
Heimahjúkrun	1.720	1.869	-149	1.457	1.248	209	260	725	-465	-3	104	-107	-102%
Hjúkrunarheimili	1.490	1.336	154	1.429	1.374	55	509	365	144	448	403	45	11%
Þjónustuíbúðir	124	133	-8	604	603	1	167	161	6	647	631	16	2%
Stuðnings- og stoðþjónusta	0	14	-14	1.457	1.364	93	472	437	35	1.929	1.787	142	8%
Keðjan	0	0	0	155	121	34	315	327	-12	471	448	23	5,1%
Framleiðslueldhús	234	269	-35	224	199	25	242	268	-26	231	198	33	17%
Virkni-verkefni	0	0	0	92	119	-27	12	19	-8	103	138	-34	-25%
NPA	211	165	46	0	0	0	818	784	34	607	618	-12	-2%
Úrræði Barnavernd	232	0	232	39	27	11	1.135	759	376	942	786	156	20%
Hælisleitendur	676	664	12	145	122	23	517	543	-26	-14	1	-14	-1834%
Önnur Verkefni	119	-34	152	355	190	165	672	743	-71	909	966	-58	-6%
Samtals	6.413	5.207	1.206	21.604	19.788	1.816	12.343	12.941	-598	27.534	27.522	12	0,04%

Helstu frávik

Skrifstofur, nefndir og ráð voru 32 m.kr. innan fjárheimilda eða 1%. Skrifstofa Barnaverndar Reykjavíkur var á pari við fjárheimildir en það skýrist af tekjum frá ríkinu, vegna vistunar barna með alvarleg hegðunar og þroskafrávik sem fékkst í lok árs eða 86 m.kr. Skrifstofa velferðarsviðs var 48 m.kr. innan fjárheimilda þar sem ekki var ráðið í öll stöðugildi. Breytingar urðu á þjónustubáttatré hjá velferðarsviði og undir þennan lið færðist skrifstofa Keðjunnar. Frávik hjá Keðjunni var 53 m.kr. umfram fjárheimildir vegna aukningar í stuðningsþjónustu.

Samningar, framlög og styrkir voru 83 m.kr. innan fjárheimilda eða 2% sem má rekja að mestu til akstursþjónustu fatlaðs fólks sem var 107 m.kr. innan fjárheimilda vegna samdráttar í ferðum vegna Covid-19 eða um 24% miðað við í fyrra. Velferðarsvið fékk 193 m.kr. framlag frá ríkinu vegna barna með þroska og geðraskanir, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun sem kom í lok árs.

Búsetuúrræði voru 62 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1%. Þar af var launakostnaður og annar rekstrarkostnaður vegna Covid-19 um 40 m.kr. umfram viðbótar fjárheimildir.

Þjónustuíbúðir voru 16 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2%. Um 2 m.kr. má rekja til Covid-19 kostnaðar. Einnig eru 8 m.kr. sem má rekja til breytingar á tekjum í þjónustuíbúðum Dalbraut. Einnig er annar rekstrarkostnaður á Dalbrautinni 6 m.kr. umfram fjárheimildir.

Heimaþjónusta og Heimahjúkrun voru um 238 m.kr. innan fjárheimilda eða 9%. **Heimaþjónusta** var 132 m.kr. innan fjárheimilda sem má rekja til verkfalla í byrjun árs og þess að fjármagn sem ætlað var til ráðninga á nýjum stöðugildum til styrkingar heimaþjónustu var ekki nýtt þar sem forgangsraða varð vinnu stjórnenda vegna Covid-19. Einnig afþakkaði fámennur

hópur þjónustu vegna möguleika á smiti. **Heimahjúkrun** var 107 m.kr. innan fjárheimilda. Nýjum beiðnum um þjónustu frá LSH og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fækkaði vegna Covid-19 auk þess reyndist erfitt að hefja ný fjármögnuð verkefni vegna Covid-19 s.s. styrking annarra fagstétta og fíkniráðgjafar í heimahjúkrun.

Hjúkrunarheimili voru 448 m.kr. umfram tekjur af daggjöldum en rekstur var 45 m.kr. umfram fjárheimildir. Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir var á pari við fjárheimildir. Tekjur frá sjúkratryggingum vegna aukningar í launa- og öðrum rekstrarkostnaði vegna Covid-19 voru 33 m.kr. Seljahlíð var 46 m.kr. umfram fjárheimildir eða 53% sem skýrist helst af því að Seljahlíð er óhagstæð rekstrareining með aðeins 20 hjúkrunarrými og duga daggjöld frá ríkinu ekki fyrir rekstrinum. Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa greitt tímabundið smæðarálag til Seljahlíðar að fjárhæð 9,4 m.kr. sem dreifist á tímabilið ágúst til desember. Tekjur Seljahlíðar frá ríkinu vegna aukins kostnaðar vegna Covid-19 voru 3,1 m.kr.

Stuðnings- og stoðþjónusta var 142 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8%. Þar af voru **skammtímavistanir** um 74 m.kr. umfram fjárheimildir. Skammtímaheimili Barnaverndar þ.e. Mánaberg og Hraunberg voru 69 m.kr. umfram fjárheimildir. Nýting á Mánabergi er 136% að meðaltali og heimilið yfirfullt alla mánuði. Stuðningsþjónusta fullorðinna var 43 m.kr. umfram fjárheimildir og má rekja það til þjónustu við fatlaða einstaklinga.

Keðjan var 23 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,1%. Kostnaður við stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda var 66 m.kr. umfram fjárheimildir eða 127% og stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna var 28 m.kr. umfram fjárheimildir eða 19%. Rekja má yfirfrávikin til fjölgunar stuðningsfjölskyldna og til rýmkunar á reglum sem tóku gildi 1. mars 2020. Fram kemur í reglugerð nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga að heimilt sé að vista barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfelt. Samkvæmt leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir kemur fram að sveitarfélag skuli tilgreina í reglum sínum hver séu viðmið um lengd og innihald þeirrar þjónustu sem stuðningsfjölskyldan veitir og að þjónustan geti mest verið 15 sólarhringar á mánuði. Skammtímadvalir Keðjunnar, þ.e. helgarsmiðja og Skahm (þjónusta fyrir börn með margþættan vanda) voru 68 m.kr. innan fjárheimilda eða 28%. Um er að ræða skammtímadvalir er þjóna börnum á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks og er þjónustunni ætlað að létta álagi af fjölskyldum barnanna.

Úrræði Barnaverndar voru í heild 156 m.kr. eða 20% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist af vistun barna á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga þar sem börn með alvarlegar geðrænar hegðunarraskanir eru vistuð utan heimilis. Árið 2019 voru 5 börn í þessari þjónustu en 13 börn árið 2020 og greiðsla með hverju barni hærri en árið á undan. Verið er að fara yfir þessi mál með fulltrúum félagsmálaráðuneytisins en fækkun úrræða hjá Barnaverndarstofu hefur mikil áhrif á þann hóp barna sem vistast samkvæmt þessari grein.

Meðalveikindahlutfall starfsmanna velferðarsviðs í heild á tímabilinu janúar til desember var 7,4% samanborið við 7,9% á sama tíma árið 2019.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	1.122	339	783	231,1%
Laun og launat. gj.	9.333	8.289	1.044	12,6%
Annar rekstrark.	4.903	5.080	-177	-3,5%
Nettó útgjöld	13.114	13.030	84	0,6%

Nettó útgjöld velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks voru 13.114 m.kr. sem var 84 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 0,6%. Tekjur í heild voru 1.122 m.kr. eða um 783 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Þar af voru tekjur frá ríkinu vegna Öryggisvistunar að upphæð 248 m.kr. sem ekki var áætlað fyrir. Framlag ríkisins vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir að fjárhæð 193,6 m.kr. var bókað á desember og

ekki áætlað fyrir. Einnig voru tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna langtímaleigu samninga sem námu 43 m.kr. og auknar tekjur vegna dagþjónustu 131 m.kr. Enn fremur var aukning á tekjum vegna samnings við ríkið um aukið félagsstarf fyrir fatlaða einstaklinga vegna Covid-19, sem nemur 20 m.kr. og ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Launakostnaður var 9.333 m.kr. sem var 1.044 m.kr. eða 12,6% umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 4.903 m.kr. sem var 177 m.kr. eða 3,5% innan fjárheimilda. Aukin fjárheimild vegna Covid-19 var lesin inn á desember fyrir tímabilið mars til október. Kostnaður vegna Covid-19 í nóvember og desember var 40 m.kr. þ.e. 21 m.kr. vegna launa og 19 m.kr. vegna annars rekstrarkostnaðar umfram viðbótarheimildir.

Útgjöld til málefna fatlaðs fólks námu 14.237 m.kr. og jafngildir það 42% af heildarútgjöldum sviðsins án bundinna liða.

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2016	2017	2018	2019	2020	Breyting 2019-20
Heimajónusta						
Fjöldi heimila	3.674	3.674	3.608	3.603	3.568	-1,0%
Heildarkostnaður - þús. kr	1.763.801	1.858.821	1.957.712	2.105.610	2.343.717	11,3%
Heimahjúkrun						
Fjöldi heimila	2.379	2.357	2.268	2.457	2.574	4,8%
Heildarkostnaður - þús. kr	1.387.381	1.433.134	1.420.657	1.553.919	1.721.806	10,8%
Heimsendur matur						
Fjöldi notenda	924	851	799	829	1.347	62,5%
Fjöldi máltíða	106.277	98.085	92.498	88.565	128.213	44,8%
Stuðningsþjónusta						
Heildarkostnaður - þús. ke vegna liðveislu, frekari liðveislu, tilsjónar/persónul. ráðgj., stuðningsfjölkskyldna og stuðningsins heim	1.547.534	1.776.235	2.002.447	2.200.534	2.403.654	9,2%
Fjöldi notenda sem fær liðveislu eða tilsjón/persónulega ráðgjöf	649	667	693	612	838	36,9%
Fjöldi notenda sem fær frekari liðveislu	200	214	211	216	258	19,4%
Fjöldi barna í tengslum við stuðningsfjölkskyldu	99	136	161	194	230	18,6%
Fjöldi fatlaðra barna í tengslum við stuðningsfjölkskyldu	173	173	194	196	188	-4,1%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða velferðarsviðs með bundnum liðum var 18 m.kr. innan fjárheimilda en rekstrarniðurstaða án bundina liða var 12 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,04%.
- Tekjur sviðsins í heild voru 1.206 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir vegna hærri daggjalda hjúkrunarheimilanna, samninga vegna hælisleitenda, öryggisvistunar og vegna hærri tekna fyrir dagþjónustu fyrir fatlað fólk frá öðrum sveitarfélögum. Laun og launatengd gjöld hækkuðu í takt við auknar tekjur og aðgerða vegna Covid-19 voru 1.816 m.kr. umfram fjárheimildir. Á móti er annar rekstrarkostnaður um 598 m.kr. innan fjárheimilda.
- Mestur halli var á þjónustuþáttunum stuðnings- og stoðþjónusta 142 m.kr., úrræði Barnaverndar 156 m.kr. og búsetuúrræðum 62 m.kr.
- Velferðarsvið fékk 193 m.kr. framlag frá ríkinu vegna barna með þroska- og geðraskanir, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun.
- Þrátt fyrir miklar áskoranir í rekstri sviðsins vegna áhrifa Covid-19 vekur athygli að reksturinn er samantekið í jafnvægi sem er jákvætt.

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 14.880 m.kr. en tekjur námu aðeins 8.938 m.kr. Heildarniðurstaða var því neikvæð um 5.942 m.kr. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþróttá- og tómsundasviðs við fötluð ungmenni á vegum Hins hússins. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 3 í greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs með ársreikningi Reykjavíkurborgar 2020.
- Á árinu 2018 voru sett lög nr. 38/2018 um fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, þar á meðal um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Lögin fólu í sér auknar kröfur til sveitarfélaga án þess að því fylgdi viðbótarfjármagn, sjá nánar umsögn Reykjavíkurborgar með málinu á vef alþingis: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-195.pdf>.
- Nettó útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur af daggjöldum námu 448 m.kr. árið 2020. Daggjöld ríkisins vegna hjúkrunarheimila miða við að ríkið hafi fjármagnað 85% fjárfestingaútgjalda en Reykjavíkurborg fjármagnaði sjálf Droplaugarstaði og á því kröfu um leiðréttingu á daggjöldum. Ríkið hefur ekki viljað taka þessa kröfu Reykjavíkurborgar til greina en það er enn og aftur bent á að eðlilegt er að ríkið beri kostnaðinn af málaflokki aldreaðra í samræmi við skyldur sínar og tryggi fulla fjármögnun á rekstrinum. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 3 í greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs með ársreikningi Reykjavíkurborgar 2020.
- Nauðsynlegt er að þjónusta fyrir ríkið verði tekjufærð með reglubundnum hætti yfir árið til samræmis við áfallinn kostnað svo sem vegna öryggisvistunar, hælisleitenda og barna með þroska- og geðraskanir.

1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	951	147	805	549,0%
Annar rekstrark.	4.667	3.892	775	19,9%
Nettó útgjöld	3.716	3.746	-30	-0,8%

Fjárhagsaðst. (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Framfærslustyrkur	1.785	2.003	-217	-10,9%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	576	408	168	41,3%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	154	122	32	26,4%
Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna	48	30	18	60,7%
Nettó útgjöld	2.563	2.562	1	0,0%

Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan-des 2020	Fjöldi jan-des 2019	Breyting milli ára	%
Fjárhagsaðstoð alls	3.421	2.930	491	16,8%
Fjárhagsaðstoð 6 mán eða lengur	931	729	202	27,7%
Framfærslustyrkur	2.539	2.195	344	15,7%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	2.152	1.641	511	31,1%

Fjárhagsaðstoð: Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 3.664 m.kr. á árinu 2020 sem er 30% aukning á milli ára þar af námu útgjöld til framfærslu samtals 2.731 m.kr. sem er aukning um 34% á milli ára og heimildargreiðslur námu 778 m.kr. og jukust um 18% á milli ára. Kostnaður að frádregnum endurgreiðslum frá ríkinu var 2.563 m.kr. sem var nánast á pari við áætlun en hún nam 2.562 m.kr.

Framfærslustyrkur að frádregnum endurgreiðslum nam 1.785 m.kr. sem var 217 m.kr. eða 10,9% undir áætlun. Notendum hefur fjölgað um 344 frá því á sama tímabili í fyrra eða um 15,7% og eru nú 2.539 einstaklingar sem hafa fengið framfærslustyrk á einhverju tímabili það sem af er árs. Í desember mánuði voru notendur 1.325 samanborið við 1.076 í desember 2019.

Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru alls 778 m.kr. sem var 219 m.kr. eða 40,7% yfir áætlun. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur janúar til desember 2020 var 2.152 sem var fjölgun um 511 notendur eða 31,1% miðað við sama tímabil 2019.

Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Endurgreiðslan vegna síðasta tímabils nam tæpum 810 m.kr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur var 1.153 m.kr. sem var 31 m.kr. eða 2,6% innan fjárheimilda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	498	413	85	20,6%
Sérstakur húsnæðisstuðn. félagsl. húsn.	655	771	-116	-15,0%
Nettó útgjöld	1.153	1.184	-31	-2,6%




Notendur sérstaks húsnæðisst. (fjöldi)	Fjöldi jan-des 2020	Fjöldi jan-des 2019	Breyting milli ára	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	2.039	1.571	468	29,8%
Sérstakur húsnæðisstuðn. félagsl. húsn.	2.103	1.930	173	9,0%

Sérstakur húsnæðisstuðningur á almennum leigumarkaði var 85 m.kr. umfram fjárheimildir. Notendum fjölgaði um 468 frá sama tímabili og í fyrra. Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda á tímabilinu samanborið við uppsafnaðan fjölda á sama tímabili í fyrra. Línuritið sýnir fjölda notenda í hverjum mánuði.

Skýringu gæti verið að finna annars vegar vegna þess að tekjur hafi dregist saman með auknu atvinnuleysi og því fleiri sem eiga

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna. Fjöldi notenda sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu samanborið við sama tímabili í fyrra en línuritið sýnir fjölda í hverjum mánuði.

Nettó útgjöld bundinna liða voru 3.716 m.kr. sem var 30 m.kr. eða 0,8% undir áætlun. Gjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 2.563 m.kr. og gjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings námu 1.153 m.kr.



rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi og hins vegar í auknu framboði af leiguhúsnæði á betri kjörum þannig að fleiri ráða við að leigja á almennum markaði.

Sérstakur húsnæðisstuðningur í félagslegu húsnæði var 655 m.kr. eða 116 m.kr. undir áætlun. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fjölgaði um 173 frá sama tímabili 2019.

Velferðarsvið - bundnir liðir		Raun 2020	Upprunaleg áætlun 2020	Esk áætlun 2020	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2019	Mism. milli ára	%
Fjárhagsaðstoð	VP020	2.563	2.537	2.562	1	0,0%	2.368	195	8,2%
Húsnæðisstuðningur	VP026	1.153	1.061	1.184	-31	-2,6%	1.143	9	0,8%
Velferðarsvið bundnir liðir	VEL	3.716	3.598	3.746	-30	-0,8%	3.511	204	5,8%

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2016	2017	2018	2019	2020	Breyting 2019-20
Fjárhagsaðstoð						
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - Fjöldi heimila	2.259	1.958	2.011	2.195	2.539	15,67%
Heimildargreiðslur alls - Fjöldi heimila	1.715	1.471	1.471	1.641	2.152	31,14%
Fjárhagsaðstoð alls - Fjöldi heimila	3.036	2.648	2.698	2.930	3.421	16,76%
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - þús.kr	1.717.313	1.472.437	1.604.748	2.044.917	2.731.494	33,57%
Heimildargreiðslur - þús. kr	523.396	473.967	462.177	527.888	624.987	18,39%
Fjárhagsaðstoð samtals þús. kr	2.240.709	1.946.404	2.066.925	2.704.326	3.510.582	29,81%
Húsaleigubætur						
Húsaleigubætur (almennar) - Fj. heimila	8.038					
Sérstakar húsaleigubætur - Fj. heimila	1.201	1.172	1.259	1.571	2.039	29,8%
Sérst. húsaleigub. Félagsb - Fj. heimila	2.298	1.897	1.983	1.930	2.103	9,0%
Húsaleigubætur (almennar) - þús. kr	1.870.123					
Sérstakar húsaleigubætur - þús. kr	319.436	316.148	531.003	385.222	495.609	28,7%
Sérst. húsaleigub. Félagsb. - þús. kr	622.842	509.901	543.634	526.539	592.892	12,6%


Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var nánast á pari við endurskoðaða fjárhagsáætlun 2020. Notendum þjónustunnar fjölgar töluvert samanborið við fyrra ár. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 2.563 m.kr. á árinu 2020 eða 195 m.kr. hærrí en fyrir árið 2020. Notendum fjölgaði um 491 milli ára eða um 16,8%. Fjölgun notenda á fjárhagsaðstoð er sterk vísbending um samdrátt í hagkerfinu.
- Vakin er athygli á að ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Endurgreiðslan vegna ársins nam tæpum 810 m.kr.

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Nauðsynlegt er að aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga verði tekjufærð með reglubundnum hætti yfir árið til samræmis við áfallinn kostnað.


1.6 Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu



Rekstur RHS (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	89	67	22	33,5%
Laun og launat. gj.	1.361	1.316	45	3,4%
Annar rekstrark.	265	360	-95	-26,3%
Nettó útgjöld	1.537	1.609	-72	-4,5%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum miðlægrar stjórnarsýslu fyrir árið 2020 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 1.537 m.kr. eða 72 m.kr. innan fjárheimilda.



Tekjur voru 89 m.kr. eða 22 m.kr. yfir áætlun. Tekjur innri endurskoðunar voru 19 m.kr. hærri en áætlað vegna vinnu fyrir B-hluta fyrirtæki. Aðrar tekjur voru 3 m.kr. hærri en áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 1.361 m.kr. eða 45 m.kr.

umfram fjárheimildir. Laun vegna aðgerða gegn heimilisofbeldi voru 12 m.kr. umfram fjárheimildir, laun vegna skrifstofu borgarstjóra voru 7 m.kr. umfram fjárheimildir, laun vegna mannréttindaskrifstofu voru 6 m.kr. umfram fjárheimildir, laun vegna umboðsmanns borgarbúa voru 17 m.kr. umfram fjárheimildir og önnur laun voru 3 m.kr. innan fjárheimilda.

Annar rekstrarkostnaður var 265 m.kr. sem var 95 m.kr. innan fjárheimilda m.a. vegna þess að mannréttindaskrifstofan var 54 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að ýmis verkefni fara seinna af stað en áætlað var og skrifstofa borgarstjóra var 23 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að sérstakar athuganir og úttektir voru innan fjárheimilda og ekki var búið að úthluta öllum styrkjum vegna miðborgarmála. Annar kostnaður var 18 m.kr. innan fjárheimilda.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktari fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2019.

Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu	Eining	Raun 2020	Upprunaleg áætlun 2020	Esk áætlun 2020	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2019	Mism. milli ára	%
Borgarlögmaður	BLÖ	145	138	149	-4	-2,6%	134	11	8,5%
Endurskoðun	END	123	108	147	-24	-16,3%	108	15	13,5%
Mannréttindaskrifstofa	MAR	287	305	322	-34	-10,7%	259	28	10,9%
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	SBO	415	433	432	-17	-4,0%	434	-19	-4,4%
Skrifstofa borgarstjórnar	SBS	527	492	536	-10	-1,8%	460	67	14,6%
Umboðsmaður borgarbúa	UMB	40	43	23	17	75,0%	45	-5	-10,3%
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu	RHS	1.537	1.518	1.609	-72	-4,5%	1.440	98	6,8%

Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu

Málaflokkar RHS (mkr)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2020	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik	%
Borgarlögmaður	2	2	0	133	131	2	15	20	-6	145	149	-4	-2,6%
Innri endurskoðun	55	36	19	154	159	-5	24	24	0	123	147	-24	-16,3%
Mannréttindaskrifstofa	3	4	-2	237	219	18	52	107	-54	287	322	-34	-10,7%
Skrifst.borgarstjóra og borgarritara	29	25	5	340	330	11	104	127	-23	415	432	-17	-4,0%
Skrifstofa borgarstjórnar	0	0	0	457	455	2	69	81	-12	527	536	-10	-1,8%
Umboðsmaður borgarbúa			0	39	22	17	1	1	0	40	23	17	75,0%
Samtals	89	67	22	1.361	1.316	45	265	360	-95	1.537	1.609	-72	-4,5%

Borgarlögmaður var 4 m.kr. innan fjárheimilda.

Innri endurskoðun var 24 m.kr. innan fjárheimilda vegna vinnu fyrir B-hluta fyrirtæki.

Mannréttindaskrifstofa var 34 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að ekki náðist að vinna öll verkefni sem voru áætluð og íbúaráð var einnig innan fjárheimilda.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara var 17 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að sérstakar athuganir og úttektir voru innan fjárheimilda og ekki var búið að úthluta öllum styrkjum vegna miðborgarmála.


Skrifstofa borgarstjórnar var 10 m.kr. innan fjárheimilda.

Umboðsmaður borgarbúa var 17 m.kr. umfram fjárheimildir.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstur miðlægrar stjórnarsýslu var 72 m.kr. eða 4,5% undir fjárheimildum ársins.

1.7 Sameiginlegur kostnaður



Rekstur ÖNN (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Frávik	%
Tekjur	110	100	9	9,3%
Laun og launat. gj.	1.031	1.105	-74	-6,7%
Breyting lífeyriskb.	3.317	3.350	-33	-1,0%
Annar rekstark.	2.276	2.402	-126	-5,3%
Nettó útgjöld	6.514	6.757	-243	-3,6%

Tekjur voru 9 m.kr. yfir áætlun vegna forsetakosninga.

Laun hjá sameiginlegum kostnaði voru 74 m.kr. innan fjárheimilda vegna atvinnumála 388 m.kr. innan fjárheimilda, launa- og starfsmannakostnaðar 258 m.kr. innan fjárheimilda, orlofsskuldbindingar voru 578 m.kr. umfram fjárheimildir, kosningar voru 8 m.kr. umfram fjárheimildir, ófyrirséð var 13 m.kr. innan fjárheimilda.



Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRB nam 3.317 m.kr. sem var 33 m.kr. innan fjárheimilda eða 1% frávik.

Annar kostnaður hjá sameiginlegum kostnaði var 126 m.kr. innan fjárheimilda. Styrkir og ýmis framlög voru 89 m.kr. innan fjárheimilda. Annar kostnaður vegna atvinnumála var 15 m.kr. innan fjárheimilda. Rekstur miðlægs tölvukerfis var 21 m.kr. innan fjárheimilda. Innheimtukostnaður skatttekna var 55 m.kr. innan áætlunar vegna lægri útsvarstekna. Starfsmannakostnaður var 214 m.kr. umfram fjárheimilda, slysabætur voru 39 m.kr. innan fjárheimilda. Kosningar voru í samræmi við áætlun. Ýmis kostnaður var 161 m.kr. innan fjárheimilda þar á meðal var innri leiga 69 m.kr. og afskriftir viðskiptakrafna 19 m.kr.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktari fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2019.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á sameiginlegum kostnaði fyrir árið 2020 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 6.514 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 6.757 m.kr. sem var 243 m.kr. eða 4% innan fjárheimilda tímabilsins.



Sameiginlegur kostnaður	Eining	Raun 2020	Upprunaleg áætlun 2020	Esk áætlun 2020	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2019	Mism. milli ára	%
styrkir og ýmis framlög	ONN010	522	579	611	-89	-14,6%	491	31	6,4%
Atvinnumál	ONN020	345	50	747	-403	-53,9%	5	339	6275,7%
Rekstur miðlægs tölvukerfis	ONN025	95	116	116	-21	-18,4%	99	-4	-4,3%
Innheimtukostnaður skatttekna	ONN030	714	769	769	-55	-7,1%	697	17	2,4%
Starfsmannakostnaður	ONN040	390	7.680	-144	535	-370,4%	1.151	-760	-66,1%
Kosningar	ONN050	0	0	0	0	n/a	2	-2	-90,7%
Ýmis kostnaður	ONN060	747	1.880	923	-176	-19,1%	791	-44	-5,6%
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	ONNLIF	3.701	3.734	3.734	-33	-0,9%	3.583	118	3,3%
Sameiginlegur kostnaður	ONN	6.514	14.809	6.757	-243	-3,6%	6.819	-305	-4,5%

Málaflokkar hjá sameiginlegum kostnaði

Málaflokkar ÖNN (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2020	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2020	Frávik	Annar kosnaður	Áætlun 2020	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2020	Frávik	%
Styrkir og ýmis framlög	0	0	0	0	0	0	522	611	-89	522	611	-89	-14,6%
Atvinnumál	0	0	0	345	732	-388	0	15	-15	345	747	-403	-53,9%
Rekstur miðlægra tölvukerfa	0	0	0	0	0	0	95	116	-21	95	116	-21	-18,4%
Innheimtukostnaður skattekna	0	0	0	0	0	0	714	769	-55	714	769	-55	-7,1%
Starfsmannakostnaður	0	0	0	231	-89	320	159	-56	214	390	-144	535	-370,4%
Kosningar	108	100	8	62	54	8	46	46	0	0	0	0	n/a
Ýmis kostnaður	1	0	1	9	23	-15	739	900	-161	747	923	-176	-19,1%
Gjaldfærsla vegna Brúar Isj.			0	384	384	0			0	384	384	0	0,0%
Breyting á lífeyrisskuldbindingu LsRb			0	3.317	3.350	-33			0	3.317	3.350	-33	-1,0%
Samtals	110	100	9	4.348	4.455	-107	2.276	2.402	-126	6.514	6.757	-243	-3,6%

Styrkir og ýmis framlög voru 89 m.kr. innan fjárheimilda. Þar af var afsláttur fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega 51 m.kr. innan fjárheimilda en hann er tekjutengdur sem skýrir frávikin. Hverfissjóður var 17 m.kr. innan fjárheimilda.

